

Leiðbeinandi kennsluhættir

Þróunarverkefni unnið á tímabilinu
ágúst 2018 til júní 2019
með styrkveitingu úr
Þróunarsjóði Garðabæjar

Stýrihópur: Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Berglind Ósk Böðvarsdóttir, Elena Einisdóttir, Geirprúður Guðmundsdóttir, Halla Rósenkranz, Helga María Guðmundsdóttir, Hildur Karlsdóttir, Margrét Erla Björnsdóttir, Kristjana Sigursteinsdóttir, Sigurlín Sumarliðadóttir

Þáttökustofnanir: Álftanesskóli, Flataskóli, Garðaskóli, Hofstaðaskóli og Sjálandsskóli í Garðabæ

Verkefnisstjóri: Silja Kristjánsdóttir

Inngangur

Í Aðalnámsskrá grunnskóla segir að miða eigi að því að nemandanum sé ljóst hver staða hans í náminu sé, hvert hann stefni og hvernig hann komist þangað. Slík vinna kallar á leiðsegjandi kennsluhætti.

Haustið 2017 hófst sameiginlegt verkefni í 5 grunnskólum Garðabæjar í innleiðingu á leiðsagnarmati. Innleiðingu sem var í senn skemmtileg og lærdómsrík fyrir alla sem að henni komu. Í lok skólaársins var þátttakendum ljóst að vinnan yrði að fá að halda áfram en þó með örlitlum áherslubreytingum. Því var ákveðið að breyta heitinu úr leiðsagnarmati í leiðbeinandi kennsluhætti og halda vinnunni áfram skólaárið 2018-2019.

Skólarnir fimm, Álftanesskóli, Flataskóli, Garðaskóli, Hofstaðaskóli og Sjálandsskóli, sem tóku þátt í verkefninu skuldbundu sig til að taka þátt í markvissri innleiðingu, deila reynslu, sækja fræðslu og meta áhrifin á skólastarfið. Skólarnir lögðu allir til tvo fulltrúa í stýrihóp verkefnisins og auk þess var ráðinn verkefnastjóri.

Í upphafi vetrar lágu fyrir drög að vinnuramma fyrir verkefnið, en þó var stýrihópnum frjálst að breyta og bæta eftir þörfum og þróa verkefnið þannig að allir skólarnir fengju sem mest út úr því.

Verkefnið var unnið allan veturinn og mun stýrihópurinn halda samvinnunni áfram þrátt fyrir að formlega sé verkefninu lokið.

Í þessari skýrslu er hægt að lesa almennt um vinnu stýrihópsins, markmið og upplifun, auk þess sem áhrif verkefnisins í hverjum skóla fyrir sig er rakin. Þá var öllum kennurum send stutt spurningakönnun um leiðsagnarmat og eru niðurstöðurnar skoðaðar út frá hverjum skóla svo og í heild sinni.

Í lokin er lagt mat á verkefnið í heild sinni.

Markmið, framkvæmd og ávinningur verkefnis

Markmið

Samkvæmt umsókn um styrk í Þróunarsjóð Garðarbæjar er markmið verkefnisins að fylgja eftir innleiðingu á leiðsagnarmati með því að styðja kennara í styrkja sig í leiðbeinandi kennsluháttum. Í verkefninu er stefnt að því að:

- allir kennarar nái sameiginlegum skilningi á því að leiðsagnarmat er námsmat sem er leiðbeinandi fyrir nemendur (og forráðamenn).
- allir kennarar þekki margvíslegar aðferðir og birtingarmyndir leiðsagnarmats og geti nýtt þær í sinni kennslu.
- leiðsagnarmat sé nátengt þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að í náminu.
- hæfniviðmið og leiðsagnarmat séu sýnileg nemendum og forráðamönnum allan námsferilinn t.d. í kennslustofum og samskiptakerfum skóla og heimila.
- kennarar fái stuðning til að skilgreina leiðsagnarmatið í sinni kennslu, staðsetja það og hefja/próa vinnu við það án þess að verkefnið verið of tímafrekt.
- að nemendur verði virkir þátttakendur í námsmatsferlinu.
- að efla upplýsingagjöf um námsmatsferlið til forráðamanna.

Framkvæmd

Verkefnið fór af stað með miklum krafti með heimsókn Seamus Gibbons sem er skólastjóri Langford primary school í London sem notið hefur leiðsagnar Shirley Clarke við innleiðingu á leiðbeinandi kennsluháttum. Gibbons hélt fyrirlestur fyrir alla kennara þáttökuskólanna 5 þar sem hann sagði frá innleiðingunni og áhrifum hennar á skólasamfélagið. Hann hitti svo stýrihópinn og skólastjórnendur á fundi eftir hádegi þar sem var farið nánar í þau skref sem honum fannst æskilegt að unnið væri með og í hvaða röð væri best að gera hlutina. Mikil ánægja var með heimsóknina og þótti hún góður innblástur fyrir veturinn.

Í október hófst stýrihópurinn handa við að skipuleggja starf vetrarins og þær áherslur sem hópurinn sá fyrir sér. Ákveðið var að halda áfram að gefa kennurum góðan tíma til að prófa sig áfram með aðferðir. Lærdómsgöngur, teymisfundir og leshringir voru meðal þess sem notað var til innlagnar og hvatningar í skólunum. Hver skóli gerði áætlun um þá vinnu sem fara átti fram í skólanum í tengslum við leiðbeinandi kennsluhætti. Ákveðið var að leggja sérstaka áherslu á að finna eða búa til veggspjöld sem nota mætti í kennslu.

Boðið var upp á fyrirlestur um Vaxandi hugarfar með Hrafnhildi Sævarsdóttur, kennara í Sjálandsskóla sem lært hefur jákvæða sálfræði. Flestir skólarnir þáðu fyrirlesturinn og fannst hann nýtast vel til að kveikja áhuga hjá kennarahópnum.

Í nóvember heimsótti stýrihópurinn Framhaldsskólann í Mosfellsbæ og fékk kynningu frá skólameistarannum á starfi skólans og áherslum þeirra í leiðbeinandi kennsluháttum.

Í janúar fór hluti stýrihópsins í aðra skólaheimsókn, í Hamraskóla í Grafarvogi. Sú heimsókn var afar áhugaverð og veitti hópnum mikinn innblástur. Í heimsókninni sá hópurinn veggspjöld sem ákveðið var að kaupa fyrir skólana í Garðabæ. Þá sá hann margar og fjölbreyttar kennsluaðferðir í notkun sem lesið hafði verið um eða sést höfðu á myndböndum frá Shirley Clarke.

Í febrúarar voru 4 veggspjöld tilbúin til prentunar. 3 keypt af Lofti Leifssyni hjá Skapararnum og 1 sem stýrihópurinn hannaði með hjálp Þorbjargar Ólafsdóttur hjá Farva. Veggspjöldin voru prentuð hjá Samskiptum og fengu skólarnir þau í hendurnar í mars. Flestir ákváðu þó að byrja ekki að nota þau fyrr en haustið 2019.

Vorönnin leið hratt og fór mikil vinna fram í skólunum. Stýrihópurinn opnaði Facebook hóp fyrir kennara í Garðabæ þar sem efni um leiðbeinandi kennsluhætti er sett inn og hægt er að skapa umræðugrundvöll. Þá var ákveðið að sækja ekki um annan sameiginlegan styrk til Garðabæjar, en að stýrihópurinn myndi samt hittast 2x á næsta skólaári til að halda þróun verkefnisins áfram.

Afrakstur

Verkefnið hefur í för með sér:

- enn öflugra lærdómssamfélag í grunnskólum Garðabæjar. Samstarf skólanna hefur eflist og þroskast á undanförunum árum og þetta verkefni byggir á þeim grunni og styrkir samstarfið enn frekar.
- að kennarar sýna hæfni til að beita leiðbeinandi kennsluháttum á fjölbreyttan hátt í kennslu sinni. Hæfnin felist í skilningi á tilgangi og mikilvægi leiðbeinandi kennsluhátta, þekkingu á margvíslegum kennsluaðferðum og jákvæðu viðhorfi gagnvart leiðbeinandi kennsluháttum sem nýtast í starfi kennarans.
- að nemendur njóta leiðbeinandi kennsluhátta á öllum stigum grunnskólanáms.

Óhætt er að fullyrða að verkefnið hefur aukið skilning kennara á leiðbeinandi kennsluháttum og mikilvægi þeirra í kennslu. Kennarar hafa komist að því hvernig leiðbeinandi kennsluhættir bæta kennsluna og auka meðvitund nemenda um eigið nám.

Spurningakannanir sem gerðar voru í öllum þáttökuskólunum sýna að kennarar eru í miklu mæli að notað leiðbeinandi kennsluhætti og finnst það nýtast sér vel í kennslu. Jákvæðni kennara í garð innleiðingarinnar og áhrifar hennar eru áberandi og eftirtektarverð.

Hindranir og frávik

Seamus Gibbons talaði um að í skólanum hans hefði ekkert annað verið innleitt í skólann í að minnsta kosti 3 ár og að það væri ein af megin ástæðunum fyrir velgengi skólans.

Allir skólarnir sem tóku þátt í þessu verkefni hafa verið í fjölbreyttri innleiðingu á þessum 2 árum. Hvort sem það hefur verið nýtt námsmat, tölvukerfi, læsisstefna eða annað þá hafa kennararnir haft í mörg horn að líta. Því var ákveðið að fara hægt í

innleiðingu leiðbeinandi kennsluhátta og drekkja ekki kennurum í upplýsingum eða verkefnum. Sú aðferði skilaði þó jafnvel meiri árangri og framförum innan skólana en búist var við í upphafi.

Mat á verkefninu

Að fá að halda áfram með þróunarverkefni sem vel hefur gengið eru forréttindi. Leiðsagnarmatsverkefnið veturinn 2017-2018 gekk vel og skólarnir sem tóku þátt fengum mikið út úr verkefninu. Það var því mikil tilhlökkun og hugur í stýrihópnum að halda áfram með verkefnið og gera enn betur með leiðbeinandi kennsluhætti veturinn 2018-2019.

Með því að fá að halda áfram með verkefnið fór enginn tími í að finna út hvar hver skóli væri staddur eða hvað hann vildi fá út úr verkefninu. Fulltrúar skólanna í stýrihópnum voru mjög meðvitaðir um styrkleika og áskoranir síns skóla og hvaða skref væri best að taka til að vinna sig í rétta átt.

Samstarf hópsins fór úr því að stýrihópurinn var sjálfur að læra nýja hluti í það að skiptast á hugmyndum hvernig væri best að miðla til kennara og styðja einstaka kennarahópa. Hvernig stuðningsefni svo sem veggspjöld eða myndbönd myndu nýtast kennurum og nemendum best og fleira í þeim dúr.

Traustið innan stýrihópsins gerði það að verkum að auðvelt var að biðja um aðstoð milli skóla, fá að koma í heimsókn eða fá aðstoð við að halda fundi. Allir deildu hugmyndum, reynslu og skoðunum og borin var virðing fyrir ólíkum sjónarmiðum. Til þess að geta unnið á þennan hátt þurfti hópurinn stuðning og traust frá skólastjórnendum sem allir sem einn sýndu skilning og stuðning í verki. Verkefnið fékk tíma á kennarafundum. Kennarafundir voru nýttir fyrir utan að komandi fyrirlestra tengda verkefninu og kennslustundarýni og ytra mat var notað til að varpa ljósi á notkun á leiðbeinandi kennsluháttum.

Samstarf skólanna var mjög gott og er æskilegt að vettvangur sé til samvinnu skólanna í slíkum verkefnum, þrátt fyrir ólíkar skólagerðir. Það eykur samkennd innan hópsins en ekki síður fagmennsku allra sem að koma. Samvinna kennara Garðabæjar er til fyrirmyndar og til þess fallin að auðga bæjarfélagið og skólamenningu þess

Óhætt er að segja að allri kennarar í skólunum 5 sem tóku þátt í verkefninu séu meðvitaðir um verkefnið þó svo að þeir séu komnir mislangt með innleiðingu. Innleiðingin tekur tíma og henni lýkur aldrei þar sem kennarar þurfa alltaf að vera að læra nýjar aðferðir og prófa sig áfram. Það er engin ein leið eða aðferð sem virkar á alla nemendur eða nemendahópa. Markmiðið er þó alveg skýrt með því að nota leiðbeinandi kennsluhætti auðveldar kennari nemendum sínum að vera meðvitaðir um nám sitt, hvert þeir stefna og hvernig þeir komast þangað.

Garðabær 13. júní 2019

Silja Kristjánsdóttir

Fylgiskjal 1

Fundargerðir

Leiðbeinandi kennsluhættir í grunnskólum Garðabæjar Fundargerðir

5. október 2018 – Fundur í Sjálandsskóla

Mættar eru:

Halla Rósenkranz, Flataskóla
Erna Ingibjörg Pálsdóttir, Álftanesskóla
Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla
Elena Einisdóttir, Garðaskóla
Kristjana F Sigursteinsdóttir, Garðaskóla
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofstaðaskóla
Margrét Erla Björnsdóttir, Hofstaðaskóla
Geirprúður Guðmundsdóttir, Sjálandsskóla
Sigurlín Sumarliðadóttir, Sjálandsskóla
Silja Kristjánsdóttir, Sjálandsskóla

Efni fundarins samkvæmt fundarboði:

- Hver er staðan í skólunum og hverjar eru árherslurnar í vetur er varðar leiðbeinandi kennsluhætti (gott að vera með einhvers konar áætlun um það sem á að gera)
- Hvað viljum við gera? Prenta veggspjöld, áherslur, námskeið, fyrirlestrar, skólaheimsóknir, lærdómsgöngur, fleira
- Skipulag stýrihóps. Festa fundi fram að jólum, fjármál og fleira.
- Menntadagur í Garðabæ
- Fundur með stjórnendum allra skólanna.

Byrjað var á því að skipuleggja fundi stýrihópsins fram yfir áramót og verða fundirnir eins og hér segir:

2. nóv Hofstaðaskóli – súkkulaðifundur

30. nóv Flataskóli – stjórnendur boðnir með. Undirbúa fundinn vel.

25. jan – Garðskóli

Fundir á vorönn ákveðnir í janúar.

Þá var ákveðið að fundartímunum verður ekki breytt, séu forföll á fundum verða þeir sem forfallast að kynna sér efni fundarins í fundargerð og spyrja aðra í stýrihópnum hvað fór fram á fundinum.

Allir fundarmenn voru sammála um að mikil ánægja með fyrirlestur Seamus Gibbon í ágúst. Þó svo að fyrirlesturinn hafi verið helst til langur, hélt hann flestum við efnið og virkaði sem jákvæð innspýting fyrir skólustarfið í vetur.

Staðan í skólunum núna:

Hofsstaðaskóli – eitthvað að gerast á miðstigi. Þróa matskvarða. Námsveggir á yngsta stigi. Matskvarðar inni á áætlun. Hugsunin er komin betur inn.

Garðaskóli – Deildirnar aðskildar, erfitt að átta sig á öllum. Þarf kannski að koma meira inn frá skólastjórnendum. Kynning á kennarafundum. Stærðfræðideildin og samfélagsfræðin í góðum málum – en erfitt að meta hvað er að gerast hjá öðrum.

Sjálundsskóli – Mikið að gerast hjá miðstigi og unglíngadeild, en þarf að skoða yngsta stig. Mikið að gerast í hugarfarinu.

Flataskóli – jákvæni fyrir nýju nafni. Matskvarðar sem fara í allar ferilmöppur.

Námsveggir. Kennsluhættir. Verkfæraveggur fyrir kennara – 1. verkfærið tunguspaðar. Plickers. Námsfélagar.

Álftanes – Vaxandi hugarfar, sýnileg markmið, námsveggir. 30. okt er kennarafundur og þá verða allir að vera tilbúnir að segja frá. Starfsáætlun.

Þá var farið í það hvernig fræðslu væri æskilegt að fá inn í skólana og hvert hlutverk faglegra leiðtoga gæti verið. Eiga þeir að koma með fræðslu inn í hvern skóla líkt og á síðasta skólaári? Vera til taks ef óskað er eftir sérstakri aðstoð?

Hugmynd kom upp um bókaklúbba, lestur fræðigreina og annað slíkt. Kennarar gætu jafnvel nýtt tímann sem nemendur eru í yndislestri til að lesa fræðigreinar. Erna Ingibjörg og Hildur ætla að athuga með að finna nokkra texta, hvort sem er greinar eða kafla úr bókum sem kennarar geta nálgast inni á menntaklifu.

Skoða Plickers, ath hvort að Betty náttúrufræðikennari í Garðaskóla geti kannski kynnt þetta fyrir okkur betur.

Veggspjöld - Learning zones, What makes good, hugarfar, hvað einkennir góðan námsmann, námsvöðvar.

Paniksvæði - Lærdómssvæði - Þægindasvæði

Orðin þykja óþjál og allir að þýða hvert þeirra í sínu horninu. Garðaskóli ætlar að taka forystu í að reyna að fá betri orð. Við ætlum að athuga með að láta prenta veggspjöld fyrir alla skólana.


Hrafnhildur Sævarsdóttir sundkennari í Sjálundsskóla var að koma úr námsleyfi þar sem hún lærði jákvæða sálfræði. Hún hefur verið með innlegg í Sjálundsskóla um hugarfar – fastmótað og vaxtarhugarfar. Niðurstaðan er að bjóða öllum skólunum á fyrirlestur frá Hrafnhildi, hver skóli þarf að finna tíma sem hentar, senda hann á Silju sem er milliliður fyrir Hrafnhildi.

Fagfundir í Garðabæ – stýrihópurinn sá um skipulagningu á fagfundunum síðasta vetur og snérist allt um leiðsagnarmat. Vill hópurinn sækjast eftir því að gera það aftur? Nei hópurinn vill frekar að það sé þannig að árgangarnir hittist – ekki aftur 7.

bekkur með unglिंगadeild og fagkennarar hittast. Yfirskriftin þarf ekki að vera leiðbeinandi kennsluhættir en samt æskilegt að það sé eitt af umræðuefnum. Silja sér um að gauka því að þeim sem eru að sjá um þetta.

Á næsta fundi – taka ákvarðanir um veggspjöld. Hvað viljum við að stjórnendur viti um verkefnið okkar?

22. október - Bréf vegna fagfunda í Garðabæ:



Fagfundir í Garðabæ - Skeyti (HTML)

Skrá Skeyti Segðu mér hvað þú vilt gera...

Eyða Svara Svara Framsenda öllum

Færa í: ? Til stjórnanda Netfang teymis

Færa Færa

Merkja sem ólesið Flokka Fylgja eftir

Þýða Aðdráttur

Eyða Svara Framsenda öllum

Flytiskref Færa Merki Breytingar Aðdráttur

mán. 22.10.2018 14:18

Silja Kristjánsdóttir

Fagfundir í Garðabæ

Til Katrín Friðriksdóttir

Afrít Brynhildur Sigurðardóttir

Sæl Katrín,

Síðasta vetur sá stýrihópur í Leiðsagnarmatsverkefninu um fagfundi í Garðabæ. Við breyttum skipulaginu og gékk dagurinn vel.

Í ár óskar stýrihópurinn eftir því að fagfundirnir verði aftur eins og þeir hafa verið árin á undan, þar sem að árgangar eða faggreinar hittist. Það er samt ósk mín að leiðbeinandi kennsluhættir verði eitt af umræðu efnum fundanna.

Bestu kveðjur,
Silja

2. nóvember 2018 - Fundur í Hofsstaðaskóla

Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla
Berglind Ósk Böðvarsdóttir, Álftanesskóla
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla
Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla
Geirprúður Guðmundsdóttir, Sjálandsskóla
Helga María Guðmundsdóttir, Flataskóla,
Halla Rósenkranz, Flataskóla
Elena Einisdóttir, Garðaskóla
Kristjana F Sigursteinsdóttir, Garðaskóla
Silja Kristjánsdóttir, Sjálandsskóla
Efni fundarins er:

- Veggspjöld – við ætlum að láta prenta alla vegana Zones veggspjaldið og vantar góða íslenska þýðingu á svæðunum. Þá er spurning um önnur veggspjöld. Gaman væri að sjá það sem er nú þegar á veggjum skólanna sem mögulega væri hægt að deila á milli. Endilega komið með allt sem ykkur dettur í hug.

- Fundur með stjórnendum – við ætlum að bjóða stjórnendum í Garðabæ á fund með okkur 30. nóvember og því þurfum við að undirbúa okkur. Hvað er það sem við viljum fá út úr þeim fundi?
- Önnur mál?

Veggspjöld:

Veggspjöldin voru rædd fram og til baka og mikil umræða var um það hvaða orð ætti að nota:

Learning zones – gulur - grænn –rauður

Hvar ertu í náminu? Ertu á námssvæðinu?

Comfort zone Þægindi Þægindasvæði Þægindarammi

Learning zone Nám lærdómssvæði

Panic zone Gryfja -

learning pit

Ákveðið var að prófa að tala við Braga Valdimar Skúlason og reyna að fá betri orð og hugmyndir af hvernig væri hægt að setja þetta upp.

Brynhildur, skólastjóri Garðaskóla, vildi benda stýrihópnum á góðan fyrirlestur/kynningu sem hún hafði verið á hjá Guðbjörgu skólastjóra FMos. Ákveðið var að hafa samband við hana og athuga hvort hún gæti komið í heimsókn til okkar á stýrihópsfund eða hvort við mætum koma í heimsókn til hennar.

Þá var ákveðið að komast að því hvað er að gerast í leiðbeinandi kennsluháttum í Reykjavík – tékka á Ernu og fá að tala við Nönnu.

Veggspjald sem Menntamálastofunun gaf út “Eiginleikar góðra námsmanna” var rætt. Margir voru búnir að skoða það og jafnvel prenta það út. Það var álitnið gott fyrir kennara en ekki til þess fallið að nota í kennslu.

Stýrihópurinn var sammála um að fresta fundi með skólastjórnendum frá 30. nóv fram í janúar eða febrúar. Megin ástæðan var að hópurinn vildi ná að klára veggspjöldin fyrir áramót og fá skólastjórnendur til fundar þegar eitthvað er til þess að sýna eða segja frá.

Hvernig getum við nýtt betur greinarnar og virkjað fólkið okkar ?

- Segja frá þeim á kennarafundi
- Fá leiðtoga til að koma og kynna ákveðna hluti eins og námsfélaga eða
- Lærdómsganga – 2x á ári – kíkt á 3-4 staði.

Næsti fundur – 30. nóv í Flataskóla.

Klára Veggspjaldið

Heimsókn frá Fmos – Reykjavík?

16. nóvember 2108 - Heimsókn í Framhaldsskólann í Mosfellsbæ

Kristjana F Sigursteinsdóttir, Garðaskóla

Elena Einisdóttir, Garðaskóla

Halla Rósenkranz, Flataskóla

Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla

Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla

Berglind Ósk Böðvarsdóttir, Álftanesskóla

Erna Ingibjörg Pálsdóttir, Áftanesskóla
Geirprúður Guðmundsdóttir, Sjálandsskóla
Sigurlín Sumarliðadóttir, Sjálandsskóla
Silja Kristjánsdóttir, Sjálandsskóla

Guðbjörg Aðalbergisdóttir skólameistari og Guðrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari tóku á móti okkur og kynntu skólann fyrir okkur. Gengið var um skólann og sagt frá því sem fyrir augun bar og svo var stuttur fyrirlestur.

30. nóvember 2018 - Fundur í Flataskóla

Kristjana F Sigursteinsdóttir, Garðaskóla
Elena Einisdóttir, Garðaskóla
Halla Rósenkranz, Flataskóla
Helga María Guðmundsdóttir, Flataskóla
Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla
Hildur Karlsdóttir, Áftanesskóla
Berglind Ósk Böðvarsdóttir, Áftanesskóla
Geirprúður Guðmundsdóttir, Sjálandsskóla
Sigurlín Sumarliðadóttir, Sjálandsskóla
Silja Kristjánsdóttir, Sjálandsskóla

Efni fundarins:

- Veggspjald – hvað eru aðrir að gera? Getum við nýtt það? Klára Learning Zones (allir að hjálpast að að þýða)
- Áætlanir skólanna – allir að skila verkáætlunum skólanna ekki síðar en á fundinum. Má líka senda mér fyrir fundinn.
- Greiðslur fyrir stýrihópin og annað fjármagn sem hópurinn getur notað.
- Fleiri skólaheimsóknir?
- Önnur mál

Góð samvera í Fmos. Ekki mikið nýtt sem kom þar í ljós en gaman að skoða hvað aðrir eru að gera og sjá það líka að við erum bara að gera ansi góða hluti.

Stýrihópurinn vill gjarnan fara í fleiri skólaheimsóknir og þá koma þeir 3 skólar sem helst eru að vinna með leiðbeinandi kennsluhætti í Reykjavík fyrst til greina. Það eru Hamraskóli, Sæmundarskóli og Laugarnesskóli - sem eru komnir lengst af þeim 25 skólum sem Reykjavík er að styrkja með fræðslu um leiðbeinandi kennsluhætti í anda Shirley Clark. Ákveðið var að reyna að fá að kíkja í heimsókn í 1 eða fleiri skóla á starfsdeginum í Garðabæ 11. janúar - helst fyrir hádegi.

Ekki tókst að fá BVS til að aðstoða við þýðingar á Learning Zones en athuga á með fleiri aðila. Stefnt á að hægt verði að byrja að nota veggspjöldin í upphafi næstu annar.

Allir skólar búnir að skila áætlunum um vinnu þessa skólaárs í þessu verkefni. Áætlanirnar eru lifandi plögg sem eiga og mega breytast.

Fyrirlestur Hrafnhildar Sævarsdóttur í Hofsstaðaskóla gekk ekki vel, en sami fyrirlestur gekk mjög vel í Flataskóla. Ákveðið var að hver skóli gæti keypt veitingar fyrir slíka fyrirlestra eða aðra fræðslu fyrir allt að 26 þús á þessu skólaári. Senda skýran reikning á Brynhildi og setja góða skýringu.

Þó nokkur afgangur var af styrknum sem átti að fara í síðasta skólaár og nýtum við það áfram í verkefni þessa skólaárs. Skólastjórnendur sjá um að skipta fjármuninum niður. Kennarar í stýrihópi rukkuðu mjög misjafnlega fyrir vinnu stýrihóps síðasta skólaárs og það þarf að leiðrétta. Stýrihópurinn er hvattur til að senda inn reikninga fyrir því sem upp á vantaði fyrir áramót. Silja tekur saman upplýsingar og sendir á hópinn:

Sælar,

Takk fyrir fundinn á föstudaginn.

Hér eru greiðslu upplýsingarnar skýrari. Það fá allir skólarnir 360.000kr til þess að greiða laun kennara í stýrihópnum, óháð því hvort það eru 1 eða 2 kennarar frá skólanum í stýrihópnum. Taxtinn fyrir vinnuna er 7.500 kr/klst þannig að það er gert ráð fyrir því að hver skóli fái 48 klst greiddar.

Allt að 80% er greitt í desember 2018 og það sem eftir stendur er greitt í lok júní 2019.

Skila á reikningum til Brynhildar. Endilega notið eyðublaðið sem ég póstaði hérna á síðunni og fyllið bara inn í það áður en þið sendið það.

Eins og ég sagði ykkur á fundinum voru greiðslur síðasta skólaárs eitthvað aðeins ónákvæmar, en ég ákvað að í stað þess að draga af launum þeirra skóla sem fengu aðeins ofgreitt síðast að jafna greiðslur allra skólana við þann skóla sem fékk mest. Þetta eru ekki stórar upphæðir og ég mun bera ábyrð á þessu.

Sjálандsskóli fékk samtals 468.000 kr og á ekkert inni.

Garðaskóli fékk samtals 465.000 kr og því 3000 kr inni.

Hofsstaðaskóli fékk samtals 450.000 kr og á því 18.000 kr inni.

Álftanesskóli fékk samtals 405.000 kr og á því 63.000 kr inni.

Flataskóli fékk samtals 393.750 kr og á því 74.250 kr inni.

Það væri mjög gott að þið mynduð senda reikning að minnsta kosti fyrir því sem þið eigið inni síðan síðast núna fyrir jól þannig að hægt sé að loka bókhaldi þess verkefnis.

Ég sé ekki um bókhaldið fyrir verkefnið eða skiptingu fjármagnsins að öðru leiti en að ég ber ábyrgð á því að halda fjárhagsáætlun og því verði þið að halda vel utan um

Það sem þið eruð búnar að fá greitt og hvað þið eigið eftir. Það er líka alltaf hægt að fá frekari upplýsingar hjá Brynhildi.

Fundargerðin kemur inn eftir helgi.

Bestu kveðjur,

Silja

Hlutverk faglegra ráðgjafa, Hildur og Erna Ingibjörg, var kynnt betur:

- Finna, miðla og vista góðu lesefni sem tengist leiðbeinandi kennsluháttum.
- Þjálfá stýrihóp í rýnisamtalavinnu sem stýrihópur getur svo tekið út í sína skóla til að vinna með afmörkuðum kennarahópum. Þetta væru t.d. samtöl þar sem rýnt er í myndböndin frá Shirley Clarke og samtöl um þá vinnu sem liggur fyrir í kennarahópnum og hver eru þar næstu skref.
- Fagleg ráðgjafasamtöl úti í skólunum – hver skóli getur kallað eftir því. Hugsað fyrir minni hópa, t.d. stjórnendur eða kennarateymi.
- Tengslamyndun og ráðgjöf.
- Kynningar á lykilefni, plakötum og öðru sem verður til í verkefninu. Út í skólum og út í ytra samfélag.

Stýrihópurinn var hvattur til að nýta sér aðstoð ráðgjafanna inni í skólunum. Fá þá til að tala um ákveðið afmarkað efni við kennarahópinn eða brot úr hópnum.

Hildur ætlar að vera með myndbönd frá Shirley Clarke á næsta stýrihópsfundi.

Ákveðið var að prófa að færa fundartímann og mun næsti fundur vera á fimmtudegi - 24. janúar í Garðaskóla kl. 14.30.

19. desember 2018 - Veggspjöldin

Hildur og Erna Ingibjörg sendu eftirfarandi töflu:

Comfort zone	Learning zone Stretch zone Growth zone	Panic zone Danger zone
Þægindi	Lærdómur	Gryfja
Öruggt svæði	Nám	
Þægindasvæði	Þroskasvæði	Óþægindasvæði

	Lærdómssvæði	Hættusvæði
	Námssvæði	Óöruggt svæði
		Öryggisleysi
		Svæði vanmáttur
		Kvíðasvæði

Fundur í Farva með Þorbjörgu Ólafsdóttur grafískum hönnuði sem ætlar að setja veggspjöldin upp fyrir okkur. Ákveðið var að setja upp 3 útgáfur af sama veggspjaldinu þannig að kennarar/skólar geti valið það sem þeim hentar best.

Öll veggspjöldin eru með 3 hringjum. Innsti hringurinn er gulur, þá grænn hringur og loks rauður hringur.

1. spjaldið: Þægindi - Nám - Hætta => skrifað inn í hringina.
2. spjaldið: Þægindasvæði - Þroskasvæði - Hættusvæði => skrifað inn í hringina
3. spjaldið: Auðvelt, öruggt, endurtekning, þreytandi, einfalt => skrifað inn í gulahringinn
Fróðlegt, áhugavert, spennandi, skemmtilegt, eftirminnilegt => skrifað inn í græna hringinn
Erfitt, ógnvekjandi, strembið, kvíðvænlegt, óöruggt => skrifað inn í rauða hringinn.

Farvi skilar veggspjöldunum í prent-formati fyrir A3 sem ætlunin er að fá prentað á góðan pappír og jafnvel plastað. Þá verður einnig hægt að prenta út í A3 eða A4 í venjulegum prenturum.

Þá verður auðvelt að breyta ef stýrihópurinn fær betri hugmyndir.

Ætti að vera tilbúið fyrir 10. janúar.

Fundur í Garðaskóla 24. janúar 2019

Kristjana F Sigursteinsdóttir, Garðaskóla
Elena Einisdóttir, Garðaskóla
Halla Rósenkranz, Flataskóla
Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla
Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla

Berglind Ósk Böðvarsdóttir, Álftanesskóla
Geirþrúður Guðmundsdóttir, Sjálandsskóla
Sigurlín Sumarliðadóttir, Sjálandsskóla
Silja Kristjánsdóttir, Sjálandsskóla

Fulltrúarar í stýrihópi úr Sjálandsskóla, Flataskóla og Hofstaðaskóla fóru í skólaheimsókn í Hamraskóla í Grafarvogi 11. janúar. Allir eru sammála um að heimsóknin hafi verið afar gagnleg og skemmtileg. Þar var margt að sjá svo sem námsveggi, Miðjutímamat (Mid-lesson-stops), veggspjöld, bækur og fleira.

Sérstaklega gaman að sjá hvernig allir kennararnir voru að vinna þetta saman alveg þvert á kennslugreinir. Íþróttakennarinn var til fyrirmyndar. Um allan skólann voru veggspjöld og hvetjandi skilaboð, mikil áhersla lögð á að mistök séu í lagi og af hinu góða.

Hvað er að gerast í skólunum - farið hringinn og allir segja frá því helsta:

Hofsstaðaskóli - námsfélagar og námsveggir. Námsmat. Kjarna námsveggi. Innlit stjórnenda með áherslu á leiðbeinandi kennsluhætti.

Sjálandsskóli - vaxandi hugarfar, námsveggir, leshópar kennara og búið að panta mikið af þeim bókum sem við sáum í Hamraskóla.

Álftanesskóli - kynning á heimsókn og námskeiði Shirley Clark og Joe Boyler í Stanford. Lærdómsgöngur. Áhersla á endurgjöf, mismunandi tegundir af endurgjöf.

Flataskóli - námsfélagar, námsveggir, vaxandi hugarfar næst á dagskrá. Lærdómsganga í febrúar. Myndmenntin að gera vel. Innlit stjórnenda og áhersla á leiðbeinandi kennsluhætti.

Garðaskóli - starfsmannaviðtöl og rýni með leiðbeinandi kennsluhætti, sýnileg markmið inni á Innu og uppi á töflu. Lærdómsganga, 4G í byrjun mars með áherslu á leiðbeinandi kennsluhætti. Ný útskrifaðir kennarar allir að standa sig vel í leiðbeinandi kennsluháttum.

Veggspjöldin

Loka útfærsla á hringnum okkar. Ákveðið að kaupa rétt til að prenta veggspjöld sem við sáum í Hamraskóla. Vaxandi hugarfar og hitamælir + dýrin. Silja sér um að láta prenta eftir að endanlegar tölur um hvað skólarnir vilja mörg veggspjöld eru komnar.

Berglind og Hildur sögðu stuttlega frá námskeiði sem þær fóru á hjá Shirley Clark um endurgjöf. Mikilvægt að muna að besta endurgjöfin fyrir nemendur er inni í kennslustofunni, athuga þarf hvort það sé góð lausn að fara með verkefni út úr kennslustofunni til að fara yfir þau. Mikilvægt að fá að bæta sig.

Markmiðssetning + árangursviðmið -> endurgjöf
Endurgjöf frá nemendum er endurgjöf til kennara.

Allar kennslustundir ættu að byrja á því að rifja upp það sem þú kannt fyrir.
Gott fyrsta skref er að nota spjallfélaga - í öllum greinum.

Spjallfélagar eða námsfélagar - hvort orðið notum við eða gerum við greinarmun á þessu tvennu.

Horfðum á myndband þar sem Seamus sýnir hvernig á að skrifa spennandi draugasögu. Áhersla á hvernig endurgjöfin kemur strax.

Næsti fundur í Álfanesskóla 1. mars:
Kynning á námskeiði sem Álfanesskóli fór á í UK
Hvað gerðist á fagfundunum?
Álfanesskóli - bókasýning og lærdómsganga

Fundur í Álfanesskóla 1. mars 2019

Kristjana F Sigursteinsdóttir, Garðaskóla
Elena Einisdóttir, Garðaskóla
Halla Rósenkranz, Flataskóla
Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla
Berglind Ósk Böðvarsdóttir, Álfanesskóla
Geirþrúður Guðmundsdóttir, Sjálandsskóla
Sigurlín Sumarliðadóttir, Sjálandsskóla
Silja Kristjánsdóttir, Sjálandsskóla

Efni fundarins:
Veggspjöldin - innleiðing
Staðan í skólunum
Mat á verkefninu - hvernig ætlum við að meta þetta? Rýnivíðtöl, könnun eða annað?
Framhaldið?
Lokafundurinn
Kynning á námskeiði sem Álfanesskóli fór á í UK
Hvað gerðist á fagfundunum?
Bókasýning og lærdómsganga

Veggspjöldin voru afhent í upphafi fundar.

Farið var yfir stöðuna í hverjum skóla. Allir eru að vinna hægt og rólega í að halda áfram eftir sínum áætlunum. Silja beðin um að koma á fund með Arnheiði í Hofsstaðaskóla að hitta list- og verkgreina kennara í skólanum.

Berglind sagði frá námskeiði sem hún og Hildur fór á hjá Shirley Clarke í UK. Dagsnámskeið um endurgjöf. Berglind sagði einnig frá stærðfræðinámskeið sem hún fór á hjá Stanford. Berglind sýndi skemmtilegt bókasafn sem hún hefur komið sér upp með bókum um leiðbeinandi kennsluhætti, um heilann og vaxandi hugarfar.

Ákveðið var að gera aðra könnun líkt og gert var í lok skólaársins í fyrra þar sem kennarar fengu senda stutta spurningarkönnun um verkefnið. Spurningarnar verða skoðaðar á næsta fundi.

Næsti fundur 26. apríl í Sjálandsskóla:

Efni: innleiðing á veggspjöldum

Spurningarkönnun fyrir kennara

Lokaskýrsla

Lokahóf

Fundur í Sjálandsskóla 26. apríl 2019

Kristjana F Sigursteinsdóttir, Garðaskóla

Elena Einisdóttir, Garðaskóla

Halla Rósenkranz, Flataskóla

Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla

Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla

Berglind Ósk Böðvarsdóttir, Álftanesskóla

Geirprúður Guðmundsdóttir, Sjálandsskóla

Sigurlín Sumarliðadóttir, Sjálandsskóla

Silja Kristjánsdóttir, Sjálandsskóla

Veggspjöld:

Álftanesskóli – vaxandi hugarfar og menning í unglingadeild innleiðing. Kennarar fengu kynningu og fengu veggspjöld

Hofsstaðaskóla – búið að kynna á stigsfundum. Innleitt í haust. Kennarar búnir að fá nóg í vetur. Taka inn í haust með uppeldi til ábyrgðar. Þælingar um að taka tvo daga í þessa vinnu í haust.

Garðaskóli – plastað eða í ramma. Kennarar fengu að ráða og ráða hvernig og hvenær þeir setja þetta upp. Kynnt fyrir kennurum. Byrja á þessu í 8. bekk í haust og ala þau upp í þessu. Þetta er orðið tungutakið hjá mörgum kennurum. Allir kennarar taka þátt.

Flataskóli – búið að taka inn vaxtarhugarfar og vinnusemina en geymdu svæðin.

Sjálandsskóli – Beðið eftir römmum. Kennarar búnir á því. Mikið að gera. Miðstigið að nota þetta allt nú þegar án þess að veggspjöldin séu komin upp.

Staðan í skólunum:

Álftanesskóli – Kennarar misjafnlega staddir, yngsta og miðstig í góðum málum.

Unglingastigið óöruggt. Berglind leiðir kennarana áfram. Kennarar verða að prófa að skipuleggja kennslustundir, prófa að gera. Allt í lagi að gera mistök. Kennarar verða að þora að gera mistök til að geta kennt nemendum að það megi gera mistök.

Miðtímamatið má vera í upphafi næsta tíma. Öflugt tæki að sýna nemendum hvað er gott verkefni. What makes good. Má nota texta úr bókum, verkefni sem kennarar hafa búið til eða fyrirmyndarverkefni.

Hofsstaðaskóli – Miðtímamat kynnt á stigsfundi og kennarinn var mjög ánægður og kynnti fyrir hinum. Stjórnendur eru að meta og hvetja kennara áfram. Hvað ertu að gera vel og hvað má bæta. Miklu fleiri kennarar komnir af stað. Hugarfarið komið lengra. Kennarar eru ánægðir með það sem þeir eru að gera og það smitast. Námsveggir og matskvarðar. Uppeldi til ábyrgðar og vaxandi hugarfar framhaldið.

Garðaskóli – skemmtileg heimsókn frá Kanada. Gestinum fannst Garðaskóli kominn langt og fannst gaman að sjá. Hélt fund fyrir áhugasama kennara og það mætti mjög stór hópur af kennurum. Erfitt að stýrihópsfulltrúar séu ekki stjórnendur. Bara endurgjöf allan veturinn en ekki einkunn fyrr en í lokin. Ólíkt milli námsgreina.

Flataskóli – allir mjög jákvæðir gagnvart þessu. Lærdómsgöngur höfðu mjög góð áhrif.

Námsfélagar. Allir mjög peppaðir.

Sjálundsskóli – miðstigið er mjög duglegt. Námsveggir á yngsta og miðstigi, unglíngastigið að vinna í vaxandi hugarfari. Leshringur að lesa Mindset.

Mat á verkefninu?

Sendu aftur sömu könnun – láta kennara meta hvar þeir eru staddir á skalanum 1 – 10 haustið 2017 og aftur vor 2019.

hvað langar þig að gera næst eða hvernig sérðu fyrir þér að framhaldið sé hjá þér varðandi þetta

Hvað er á drifinu okkar?

Setja upp facebook síðu þar sem við erum admin og safna saman – fyrir kennara í Garðabæ. Leiðbeinandi kennsluhættir í Garðabæ.

Lokahóf 17. maí á Mathúsinu kl. 18.

Hildur ætlar að tala við Ernu um innleiðingu á veggspjaldi.

Fylgiskjal 2

Framkvæmdaráætlanir allra skóla

Álftanesskóli

Leiðsagnarmat veturinn 2018 – 1019

Hvenær	Hvað	Efni	Verkefni
Ágúst	Fyrirlestur - Seamus Gibbons	Leiðsagnarmat og vaxtarhugarfar	Ígrundun og umræður á stigsfundi um fyrirlestur og upplifun.
September	Innlögn á leiðsagnarmati með nýjum kennurum og þeim sem kjósa aukalega upprifjun	Glærur	Samræður og spurningar sem vakna
September	Upprifjun á sýnilegum markmiðum, árangursviðmiðum með námsveggjum, spjallfélögum og samantekt á lærdómi tímans.	Myndbönd Fyrirlestur Gögn á námsveggi Gátlisti Skipulagsblöð	Kennarar halda skrá yfir það sem þeir eru að gera á tímabilinu.
Miður október	Kynningar kennara á því sem þeir hafa verið að gera á tímabilinu. Skipt eftir stigum.	Reynslusögur/ jafningjafræðsla	Hver og einn segir frá sinni vinnu með leiðsagnarmat og í lok fundar eru almennar samræður og endurgjöf kennara á milli.

Lok október	Fræðslufundur	Myndbönd með Seamus Gibbons	Hópurinn horfir saman á myndbönd með ákveðna punkta að leiðarljósi. Eftir myndbandið verða umræður í tengslum við valda þætti leiðsagnarmats.
Desember - Janúar	Kynningar	Hver er staðan?	Hver og einn metur stöðuna með kvörðum. Skil til stjórnenda og stutt kynning á fræðslufundi þar sem stigin kynna í sameiningu sína vinnu.
Janúar - mars	Upprifjun á markmiðum í leiðsagnarmati og vaxtarhugarfari Endurgjöf: <ul style="list-style-type: none"> • Í byrjun kennslustunda • Í kennslustundun – frá kennara til nemenda/frá nemendum til kennara í gegnum spurningar 	Myndbönd Kveikjur Hugmyndir Myndbönd Fyrirlestur Gögn á námsveggi Gátlisti til að meta hvar við erum í byrjum og lok tímabils	Samræður í tengslum við ákveðin atriði í tengslum við leiðsagnarmat. Skoða sameiginleg vinnubrögð á stigum t.d. merkingar með pennum eða öðru. Hver og einn metur stöðu sína

	<ul style="list-style-type: none"> • Milli kennslustunda 		<p>í byrjun tímabils, setur sér markmið og vinnur svo að þeim. Kennarar velja sér leið til ígrundunar á þar til gerðu eyðublaði.</p>
Mars - apríl	Lærdómsgöngur	Hvað hafa kennarar verið að gera í leiðsagnarmati, í tengslum við námsvöðva eða vaxandi hugarfar?	3 – 4 skipti þar sem allir heimsækja alla yfir tímabilið.

Flataskóli

Leiðbeinandi kennsluhætir

-áætlun haust 2018-

1. Verkfæraveggur; t.d. tunguspaðar, sjálfsmat í stærðfræði og íslensku, plickers og útgöngumiðar (1-2-3).
2. Að kennarar þjálfist í fjölbreyttari aðferðum við endurgjöf.
3. Innleiða námsfélaga í öllum námshópum.
4. Að fleiri kennarar innleiði námsveggi.
5. Hópavinna.
6. Áhugi á að útbúa/fá plaköt um learning zone, learning muscles o.s.frv.

Garðaskóli

Allur skólinn er með sýnileg markmið og ítarlegar kennsluáætlanir sem nemendum eru kynntar reglulega. Í vetur fáum við Hrafnhildi Sævar til okkar að ræða vaxtarhugarfar. Einnig stendur til að fá skólastjóra FMos í heimsókn að ræða þeirra aðferðir.

Sóknarkvarðar eru nú að verða komnir inn í flestar ef ekki allar greinar skólans

Munnleg endurgjöf verður markvissari í mörgum greinum í vetur, m.a. í samfélagsfræði og í list- og verkgreinum.

Í samfélagsfræði stendur til að leggja fyrir nemendur mat á því námi sem hefur farið fram á árinu í rafrænni könnun.

Allar deildir eiga að notast við einhvers konar sjálfs- og jafningjamat.

Brottfararspjöld í formi Plickers eru enn bara í náttúrufræði.

Stærðfræði helur vinnu áfram með reglubók og reglubókarverkefni.

Hofsstaðaskóli

Leiðbeinandi kennsluhættir áætlun Hofsstaðaskóla 2018-19	
September	Sýnileg markmið: Frh. frá síðasta skólaári að hafa sýnileg markmið/hæfniviðmið í kennsluáætlunum. Kennarar eiga að vera með sýnileg markmið í upphafi kennslustundar í a.m.k. einni námsgrein.
Október	Samræða: Leiðbeinandi kennsluhættir ræddir á stigfundi með kennurum í 5. – 7. bekk. Farið yfir hvað var gert sl. vetur og hugmyndum varpað fram um áframhaldandi leiðbeinandi kennsluhætti. Matskvarðar og brottfararspjöld hafa reynst mjög vel sem kennarar ætla að þróa áfram, mikið notað í íslensku og stærðfræði. Allir kennarar eiga að skipuleggja leiðsagnarmat í a.m.k. einni námsgrein eða einhverjum þætti innan námsgreinarinnar þar sem markvisst leiðsagnarmat á að fara fram, jafnt og þétt fram að lokamati.
Nóvember	Fræðsla: Hrafnhildur Sævarsd. Kennari í Sjálandsskóla með fræðsluerindi á fagfundi um vaxtarhugarfar (Growth mindset). Veggspjöld frá MMS um vaxtarhugarfar prentuð út og plöstuð fyrir alla kennara til upphengingar í stofunum. Umræðunni um vaxtarhugarfar haldið á lofti. Margir kennarar sækja námskeiðið Verkfærakistan hjá KVAN og nota þaðan þætti sem eru leiðbeinandi kennsluhættir. Samræða: Leiðbeinandi kennsluhættir ræddir á stigfundi með kennurum í 1. – 4. bekk. Umræður um námsveggi og spjallvini/námsfélaga. Starfspróun: „Lærdómsganga“ nokkrir kennarar með kynningu á verkefnum sem þeir hafa unnið og m.a. tengjast leiðbeinandi kennsluháttum.
Desember	Kennsla: Kennarar á yngra stigi setja upp námsveggi í kennslustofum.
Janúar	Kennsla: „Spjallvinir“ kennarar innleiða markvisst spjallvini í skólastofum. Kennsla: Innlit stjórnenda í kennslustundir með því markmiði að skoða m.a. sýnileg markmið í kennslustundum og hvernig þeir eru að nota leiðbeinandi kennsluhætti.
Febrúar	Kennsla: Halda áfram með námsveggi og spjallvini. Skoða ritunarmatskvarða hjá 1. – 4. bekk (frh. á vinnu frá sl. skólaári). Allir umsjónarkennarar vinna með vaxtarhugarfar með nemendum með ýmsum hætti.
Mars	Umræður um leiðbeinandi kennsluhætti á fagfundi/stigfundum með kennurum. Hvað hefur áunnist í vetur? Hvað er hægt að gera fram að skólalokum? Starfspróun: „Lærdómsganga“ nokkrir kennarar með kynningu á verkefnum sem þeir hafa unnið og m.a. tengjast leiðbeinandi kennsluháttum.
Apríl	Kennsla: Unnið að ýmsum verkefnum.
Maí	Samantekt: Samantekt og mat á starfi vetrarins.

Sjálundsskóli

Leiðbeinandi kennsluhættir - Sjálundsskóli 2018-2019

Haustönn	<p>Í upphafi skólaárs fengum við góðan fyrirlestur frá Hrafnhildi Sævarsdóttur um vaxandi hugarfar og var ákveðið að vinna betur með það á öllum stigum. Fundir með hverju stigi fyrir sig og kynna fyrir þeim námsveggi og verkefni sem hægt er að nýta fyrir nemendur tengdu vaxandi hugarfari. Á flestum svæðum eru nokkurs konar námsveggir en kannski ekki nægilega afmarkaðir. Byrjað verður á íslensku og stærðfræði námsveggjum. Einnig ætlum við að heyra hvað stigin eru að gera og hvað þau ætla sér að gera, gera með þeim áætlun fyrir veturinn.</p> <p>Það verða útbúin veggspjöld um vaxandi og fastmótað hugarfar og verkefni unnin út frá því.</p>
Vorönn	<p>Kennarar halda áfram að prófa sig áfram í leiðbeinandi kennsluháttum og byggja ofan á það sem þeir byrjuðu á í fyrra vetur.</p> <p>Bætt verður inn í námsveggjum tengdum þemu.</p> <p>Kennarar eru hvattir til þess að taka fleiri námsgreinar inn en flestir byrjuðu á einni í fyrra.</p> <p>Í lok skólaársins er gerð samantekt á því að sem hvert teymi hefur verið að gera og mat á því hvernig til tókst og hvernig þeir sjá framhaldið.</p>

Áætlun starfsmanna/teymis í vinnu með hugarfar og leiðbeinandi kennsluhætti.

Nafn: _____

Í upphafi skólaárs:

Námsþáttur: _____

Janúar:

Hvernig er staðan/hvað er búið að gera: _____

Lok skólaárs:

Endurmat/hvernig gekk í vetur og hvert er framhaldið: _____

**Áætlun starfsmanna/teymis í vinnu með hugarfar og leiðbeinandi
kennsluhætti.**

Nafn: _____

Námsgrein:	Verkefni/verkfæri:	Endurmat:

Námsgrein:	Verkefni/verkfæri:	Endurmat:

Fylgiskjal 3

Samantekt frá hverjum skóla

Fulltrúar í stýrihópi voru beðnir að svara nokkrum spurningum um framgang verkefnisins og upplifun sína

Álftanesskóli

Vegna lokaskýrslu um leiðbeinandi kennsluhætti

Álftanesskóli

Staðan

Allir kennarar fengu fyrirlestur hjá Seamus Gibbons í ágúst. Á haustönn fengu kennarar upprifjun á leiðbeinandi kennsluháttum en aðaláherslan var á að horfa saman á myndbönd af vef Shirley Clarke. Á stigsfundum í nóvember ræddu kennarar reynslu sína við að vinna með leiðbeinandi kennsluhætti. Í janúar fóru þrír starfsmenn á námskeið hjá Shirley Clarke í Stevenage í Bretlandi og höfðu kynningu á því námskeiði fyrir allan hópinn í lok janúar. Á stigsfundi í byrjun apríl horfðu kennarar á myndbönd og unnu að áætlun um það sem þeir ætluðu að æfa sig í fram á vorið. Ætluðum að enda vorið á lærdómsgöngum en af því varð ekki.

Kostir/ókostir

Leiðbeinandi kennsluhættir hafa mjög jákvæð áhrif á kennsluna á marga vegu. Einn þáttur er skipulag kennslustundarinnar sem er brotin upp í styttri einingar og þar af leiðandi fjölbreyttari nálgun. Annað er að nemendur verða mun meðvitaðri um markmið, leiðir, hvar þeir eru staddir námslega og um gæði verkefna. Leiðbeinandi kennsluhætti lærast ekki á einu bretti og það er vinna að ná fullkomnum tókum á þeim. Það krefst tíma, þolinmæði og vilja til að halda áfram. Hvernig þessu er haldið að fólki er vinna til næstu ára.

Lærdómur

Það þarf sífellt að vera að hugsa um hvernig maður nær til alls kennarahópsins og hvernig maður getur fylgt því eftir að allir séu í raun að þróa kennsluhætti sína í takt við stefnu skólans. Við í Álftanesskóla höfum verið í þessari þróunarvinnu í nokkur ár en samt sem áður er fólk komið mjög mislangt í þessari vinnu og það eru

umhugsunarvert hvernig gengið er á eftir því að fólk sé að þróa sig í þessa átt og að það haldi því áfram næstu árin.

Þróunarverkefni er góð leið til að halda öllum skólum við efnið, innleiða sömu stefnu í alla skóla og skapa lærdómssamfélag sem er mjög jákvætt. Það er lærdómsríkt að halda utan um þróunarvinnu, að átta sig á að því hvaða leið er best til að hafa áhrif á samstarfsfólkið sitt, það dugir sem dæmi skammt að halda fyrirlestra um efnið ef engin eftirfylgni eða kröfur eru gerðar.

Það sem stendur upp úr er að fylgjast með kraftinum í þeim sem lengst hafa komist í þróunarvinnunni, sjá veggspjöldin sem maður var sjálfur að útbúa komin á varanlegt og fallegra form. Ég tel að við höfum komist mun lengra í sameiningu en ein sér. Ég tel ekki hægt að tala um afmörkuð verkefni sem góð heldur snúast leiðbeinandi kennsluhættir um hvernig kennsluefnið er almennt matreitt fyrir nemendur og það hefur áhrif á allar kennslustundir og skóladaginn.

Við í Álftanesskóla ætlum að halda áfram þessari þróunarvinnu með því að mæta þörfum hópsins með fyrirlestrum á haustdögum sem verða sniðnir að ólíkum þörfum eða byrjunarpunktum. Í framhaldi munum við setja upp skipulaga fyrir veturinn líkt og í vetur, með áherslu á horfa á myndbönd, æfa sig og miðla reynslu.

Hildur Karlsdóttir og Berglind Ósk Böðvarsdóttir

Flataskóli

Leiðbeinandi kennsluhættir í Flataskóla skólaárið 2018-2019

Í upphafi skólaárs voru flestir kennarar skólans meðvitaðir um gagnsemi leiðsagnarmats. Hluti hópsins var þó enn örlítið óöruggur og þegar nafni verkefnisins var breytt í „leiðbeinandi kennsluhættir“ má segja að kennarahópurinn hafi verið jákvæðari og enn opnari fyrir verkefninu.

Á skipulagsdögum í ágúst kom Seamus Gibbons, skólastjóri Langford primary school í London en Seamus var bæði með fræðslu fyrir alla kennara í Garðabæ sem og sérstakan fund fyrir stýrihópinn.

Við hér í Flataskóla fengum fræðslu frá Hrafnhildi Sævarsdóttur, kennara í Sjúalandsskóla en Hrafnhildur hefur sérmenntað sig í jákvæðri sálfræði.

Á kennarafundi var fræðsla um vaxandi hugarfar growth mindset og hvernig kennarar geta unnið með það.

Margir kennarar byrjuðu að nota agakerfið „stay on green“ og er þar stuðst við hugmynd frá Langford primary School.

Á skólaárinu var farið var í nokkrar lærdómsgöngur sem felast í því að kennarar ganga á milli kennslurýma. Kennarar í viðkomandi kennslurými kynntu fyrir hver öðrum hvernig þeir nýta „leiðbeinandi kennsluhætti“ í sinni kennslu.

Margir kennarar byrjuðu að setja upp námsveggi í sínum stofum. Nokkrir hópar byrjuðu að skipta hópunum sínum upp og mynda námsfélaga.

Allir kennarar skólans fengu afhent veggspjöld um „vaxandi hugarfar“ og „vinnusemi“ sem þeir hengdu upp í sínum kennslurýmum og kynntu síðan fyrir sínum nemendahópum

Við teljum að verkefnið hafi skilað auknum áhuga kennara á að kynna markmið námsins markvisst fyrir nemendum sínum. Með kynningu á vaxandi hugarfari teljum við að nemendur séu opnari fyrir því að þeir geti ef þeir vilja og að æfingin skapi meistarann.

Það sem hefði mátt fara betur er að verkfæraveggurinn sem settur var upp hefði mátt vera mun virkari.

Það sem hefur sérstaklega gengið vel hér í Flataskóla varðandi verkefnið teljum við vera námsveggina en flestir kennarar tóku upp á því að setja upp slíka vegg. Sérstaklega teljum við að vel hafi tekist til hjá myndmennta- og textílkennara.

Frá og með næsta hausti munum við í Flataskóla leggja áherslu á að allir kennarar setji upp námsveggi og markmið námsins séu sett fram á sem skilvirkastan hátt. Einnig er áhersla lögð á að kennarar myndi námsfélaga í sínum hópum og vinni markvisst með endurgjöf til nemenda.

Þá viljum við leggja aukna áherslu á að allir kennarar, aðrir starfsmenn sem og nemendur þekki hugtakið „vaxtarhugarfar“ og að hugtakið sé öllum tamt að nota.

Halla Rósenkranz og Helga María Guðmundsdóttir

Garðaskóli

Svör við spurningum fyrir lokaskýrslu - Garðaskóli

Staðan í Garðaskóla í haust var mjög misjöfn eftir deildum en heilt yfir nokkuð góð og varð svo betri og betri þegar líða tók á veturinn. Það sem var gert var mjög misjafnt eftir deildum en það skilaði árangri t.d. stöðukannanir mjög stíft í stærðfræðinni til að nemendur væru með á hreinu hver staðan væri hjá þeim í faginu. Flest allar deildir huga að leiðbeinandi kennsluháttum á einhvern hátt. Sýnileg markmið, hvers er ætlast til í verkefnavinnu, dæmi um vel unnin verkefni. Skýr endurgjöf bæði munnleg og skrifleg meðan á vinnu stendur og svo eru matskvarðar notaðir mikið. Verkefnum hefur einnig fjölgað þar sem nemendur koma sjálfir að því að þróa hvernig þeir vilja vinna og skila verkefnum.

Helsti kostur verkefnisins er að allflestir kennarar settu sig inn í leiðbeinandi kennsluhætti og fóru að nota þá í kennslu og tileinka sér tungutakið. Nemendur eru farnir að finna fyrir því að þessir kennsluhættir eru í öllum skólanum og eru jafnvel farnir að biðja um sambærilega hluti milli deilda sem sýnir að þau finna hversu mikilvægir þessir kennsluhættir eru.

Það sem var erfitt í verkefninu er að við í stýrihópnum gátum ekki fylgst nógu vel með í öðrum deildum og hvernig gengi þar þannig að það veltur svolítið mikið á hverri fagdeild hvernig þetta er unnið.

Lærdómur efnisins er að það hefur sýnt sig að nemendur læra meira eftir því sem þau fá meiri endurgjöf á sína vinnu.

Við lærðum margt að verkefninu og erum orðnar betri í því að nota leiðbeinandi kennsluhætti, tala um þá og miðla til annara. Þegar við höfum fengið gesti í skólann sem stunda leiðbeinandi kennsluhætti í sínum skólum þá hefur verið mikill áhugi hjá kennurum skólans að læra af þeim enn meira.

Góð reynsla er af stöðukönnunnum í stærðfræðinni í skólanum og nemendur farnir að biðja um svipað verði gert til dæmis í málfræði í íslensku.

Okkar von er að kennarar haldi áfram að bæta við sig í leiðbeinandi kennsluháttum og nota þá með markvissari hætti. Næsta haust á að fara með skipulögðum hætti í vaxtandi hugarfar með nýjum nemendum skólans og halda áfram að vinna með þá þætti sem þeir hafa tileinkað sér á miðstiginu.

Elena Einisdóttir og Kristjana F. Sigursteinsdóttir

Hofsstaðaskóli

Leiðbeinandi kennsluhættir í Hofsstaðaskóla 2018-19

Kennarar í Hofsstaðaskóla voru komnir mislangt með að tileinka sér leiðbeinandi kennsluhætti í upphafi skólaársins 2018-2019. Mesta hugmyndavinnan og framkvæmdin hafði farið fram hjá umsjónarkennurum í 3.-7. bekk, þar sem flestir árgangar voru komnir vel á veg og tilbúnir í að halda áframhaldandi vinnu með leiðbeinandi kennsluhætti. Flestir voru farnir að nota sýnileg markmið markvisst og stýra kennslunni út frá þeim. Nokkrir árgangar notuðu matskvarða með góðum árangri, þá sérstaklega í stærðfræði- og bókmenna/þemakennslu. Áhugi kennara á verkefninu var mismunandi en erfiðast var fyrir íþróttakennara og nokkra list- og verkgreina kennara að tengja við leiðbeinandi kennsluhætti, þar sem þeim fannst erfitt að sjá fyrir sér notkun þess í sinni grein, fyrir utan endurgjöf í kennslustundum.

Nú í lok skólaársins finna verkefnastjórar að hópurinn er orðinn mun móttækilegri fyrir þessari nýju nálgun í kennslunni. Kennarar sem hafa náð að tileinka sér leiðbeinandi kennsluhætti hafa smitað aðra og dregið þá með sér á vagninn. Við teljum að helsta ástæða þess sé að leiðbeina nemendum með ýmsum hætti skilar sér í betri kennslu og árangri nemenda, kennarar hafa margtalað um það í vetur og segja „þetta virkar.“

Eitt af skylduverkefnum kennaranna var að útbúa námsveggi í hverri umsjónarstofu. 4. bekkur reið á vaðið og byrjaði að tileinka sér þá í kennslunni. Það kvisaðist út í kennarahópinn hversu frábært verkfæri þetta væri, hinir árgangarnir fylgdu í kjölfarið og fljótlega eftir áramót höfðu allir umsjónarkennarar búið sér til sína vegg. Annað sem kennarar tileinkuðu sér voru námsfélagar/spjallvinir, nemendum fannst gaman að taka þátt í námslegu spjalli en þetta er einn liður í leiðbeinandi kennsluháttum sem við viljum þróa og nýta í kennslunni enn frekar. Eitt af því sem verkefnastjórar lögðu upp með að nota voru fyrirmyndarverkefni sem kennarar voru farnir að nýta sér í fyrirlögn verkefna. Þau voru notuð m.a. samhliða matskvörðum og í ritunarkennslu. Í skólanum hefur skapast sú hefð að hafa lærdómsgöngur tvisvar á ári sem felast í því að kennarar eru með kynningu á verkefnum sem þeir hafa unnið. Í ár tengdust þessi verkefni leiðbeinandi kennsluháttum og með göngunni náðist að „smita“ aðra með góðum aðferðum sem virka til að hámarka árangur nemenda. Stigsfundir sem deildarstjórar stýrðu fjölluðu að mestu leiti um leiðbeinandi kennsluhætti með því markamiði að taka samtalið, þróa okkur áfram og læra hvert af öðru. Íþróttakennarar og list- og verkkenningar fengu sérfund þar sem Silja Kristjánsdóttir reyndi að fylla þá af eldmóði til að byrja eða halda áfram því sem þeir voru að gera. Kennarar voru ánægðir og fóru hver í sinni skólastofu að prófa sig áfram.

Vaxtarhugarfar er hugmyndafræði sem kennarar eru byrjaðir að tileinka sér en þau fræði tengjast vel leiðbeinandi kennsluháttum. Allir hlustuðu á erindi þess efnis sem ýtti við þeim hvernig hægt væri að koma hugarfarinu til nemenda. Nokkrir kennarar eru byrjaðir að ræða vaxtarhugarfar við sína nemendur og hengdu m.a. upp veggspjöld í sínum stofum en áframhaldandi vinna og nálgun mun halda áfram næsta skólaár. Við lok skólaárs eru allir kennarar komnir af stað og bilið á milli kennarana hefur minnkað. Hugsunin hefur smitast út í kennarahópinn sem skiptir miklu máli til að þetta verði hluti af kennsluháttum í hverri kennslustofu ásamt því að breyta sínu hugarfari.

Ávinningur Hofsstaðskóla sem þátttakandi í verkefninu eru klárlega fjölbreyttari kennsluhættir og markvissari kennsla. Starfsfólk hefur tileinkað sér nýtt hugarfar og nálgun með því markmiði að auka ánægju nemenda og námsárangur þeirra. Margir litlir sigrar unnust sem skiluðu sér beint til nemenda og kennara. Skipulagið varð betra í kennslunni, nemendur urðu kappsamari og lögðu sig betur fram í kennslustundum. Leiðsagnarmatið var unnið með svipuðum hætti eftir árgöngum. Það nýttist samt sem áður á mjög fjölbreyttan hátt og leiddi til þess að nemendur og kennarar voru betur meðvitaðir um markmið kennslunnar og hæfni nemenda og hvaða þætti þurfti að vinna betur með hjá hverjum og einum og hvað gekk vel. Einn helsti styrkleiki verkefnisins var sá, að allir kennarar skólans áttu að taka þátt en fólk fékk sinn tíma til þess að prófa sig áfram, hver með sínu nefi. Það myndaðist traust milli verkefnastjóra skólanna og sameiginlegu fundirnir voru skemmtilegir og ánægjulegt að sjá hversu kraftmiklar og fjölbreyttar tilraunirnar voru í skólunum en öll vinnan miðaði að því að efla faglegt skólastarf. Stýrihópurinn hefur eftt lærdómssamfélagið í grunnskólum Garðabæjar og byggt upp góðan grunn sem mun klárlega halda áfram að þróast og eflast næstu ár m.a. með tilkomu nýrrar Fésbókarsíðu fyrir kennara Garðabæjar.

Þegar við hugsum til baka hvaða þættir hefðu mátt betur fara þá má helst nefna lesefni og leshópa. Ekki gafst nægur tími til þess að skipuleggja það eða fá kennara til að sýna frumkvæði í þeim efnum. Leiðbeinandi kennsluhættir er hugmyndafræði sem mun einungis eflast næstu misseri í Hofsstaðskóla. Fræðin hafa skotið rötum í skólastarfinu og verða leiðandi nálgun í kennsluháttum og námsmati sér í lagi með tilkomu nýja Mentors umhverfinu. Einnig ætla Hofsstaðaskóli og Álftanesskóli að þróa saman verkefni næsta vetur sem tengist vaxandi hugarfari en til þess fengu þeir sameiginlegan þróunarstyrk frá Garðabæ. Vaxandi hugarfar nýttist einnig mjög vel í tengslum við leiðsagnarmat þar sem að nemendur þurfa að vera tilbúnir að fá og vinna mat á námi sínu á mjög mismunandi vegu, að nám þeirra sé endurskoðað reglulega. Ef nemendur eru tilbúnir til að gefast upp og búnir að ákveða að þeir geti ekki t.d. lært (fastmótað hugarfar) þá nýttist leiðsagnarmat ekki eins vel og það gæti gert. Í skólasamfélaginu er leiðsagnarmat samspil milli kennara og nemenda og ekki síst samspil skólanna.

Hér fyrir neðan má sjá áætlun fyrir veturinn 2018-2019.

Leiðbeinandi kennsluhættir áætlun Hofstaðaskóla 2018-19	
September	Sýnileg markmið: Frh. frá síðasta skólaári að hafa sýnileg markmið/hæfniviðmið í kennsluáætlunum. Kennarar eiga að vera með sýnileg markmið í upphafi kennslustundar í a.m.k. einni námsgrein.
Október	Samræða: Leiðbeinandi kennsluhættir ræddir á stigfundi með kennurum í 5. – 7. bekk. Farið yfir hvað var gert sl. vetur og hugmyndum varpað fram um áframhaldandi leiðbeinandi kennsluhætti. Matskvarðar og brottfararspjöld hafa reynst mjög vel sem kennarar ætla að þróa áfram, mikið notað í íslensku og stærðfræði. Allir kennarar eiga að skipuleggja leiðsagnarmat í a.m.k. einni námsgrein eða einhverjum þætti innan námsgreinarinnar þar sem markvisst leiðsagnarmat á að fara fram, jafnt og þétt fram að lokamati.
Nóvember	Fræðsla: Hrafnhildur Sævarsd. Kennari í Sjálandsskóla með fræðsluerindi á fagfundi um vaxtarhugarfar (Growth mindset). Veggspjöld frá MMS um vaxtarhugarfar prentuð út og plöstuð fyrir alla kennara til upphengingar í stofunum. Umræðunni um vaxtarhugarfar haldið á lofti. Margir kennarar sækja námskeiðið Verkfærakistan hjá KVAN og nota þaðan þætti sem eru leiðbeinandi kennsluhættir. Samræða: Leiðbeinandi kennsluhættir ræddir á stigfundi með kennurum í 1. – 4. bekk. Umræður um námsveggi og spjallvini/námsfélaga. Starfsþróun: „Lærdómsganga“ nokkrir kennarar með kynningu á verkefnum sem þeir hafa unnið og m.a. tengjast leiðbeinandi kennsluháttum.
Desember	Kennsla: Kennarar á yngra stigi setja upp námsveggi í kennslustofum.
Janúar	Kennsla: „Spjallvinir“ kennarar innleiða markvisst spjallvini í skólastofum. Kennsla: Innlit stjórnenda í kennslustundir með því markmiði að skoða m.a. sýnileg markmið í kennslustundum og hvernig þeir eru að nota leiðbeinandi kennsluhætti.
Febrúar	Kennsla: Halda áfram með námsveggi og spjallvini. Skoða ritunarmatskvarða hjá 1. – 4. bekk (frh. á vinnu frá sl. skólaári). Allir umsjónarkennarar vinna með vaxtarhugarfar með nemendum með ýmsum hætti.
Mars	Umræður um leiðbeinandi kennsluhætti á fagfundi/stigfundum með kennurum. Hvað hefur áunnist í vetur? Hvað er hægt að gera fram að skólalokum?

	Starfspróun: „Lærdómsganga“ nokkrir kennarar með kynningu á verkefnum sem þeir hafa unnið og m.a. tengjast leiðbeinandi kennsluháttum.
Apríl	Kennsla: Unnið að ýmsum verkefnum.
Maí	Samantekt: Samantekt og mat á starfi vetrarins m.a. að leggja könnun fyrir kennara.

Verkefnastjórar: Arnheiður Ösp og Margrét Erla deildarstjórar í Hofsstaðaskóla.

Sjálundsskóli

Sjálundsskóli 2018- 2019

- Hver var staðan varðandi leiðbeinandi kennsluhætti í skólanum í upphafi skólaársins? Hver var staðan í lok skólaársins? Hvað var gert?

Í upphafi skólaárs fengu kennarar fræðslu frá Seamus Gibbons skólastjóra í Langford. Það kveikti áhuga hjá nokkrum og það var gott að byrja svona. Hrafnhildur Sævarsdóttir var með fyrirlestur fyrir kennara um vaxandi hugarfar. Einhverjir árgangar héldu áfram með þá vinnu. Á mið- og yngsta stigi voru settir upp námsveggir í íslensku og stærðfræði. Yngsta stigið hélt áfram að notast við munnleg fyrirmæli og sýnileg markmið. Yngsta stigið byrjaði einnig að vinna með vaxandi hugarfar. Á miðstigi var vinnan í fyrra komin langt á veg í þemum. Sú vinna hélt áfram í vetur. Í stærðfræði var notast við brottfararspjöld ýmist gagnvirk eða ekki. Á unglíngastigi var haldið áfram með brottfararspjöld í stærðfræðinni og markmið hvers kafla sýnileg. Í ensku og íslensku var notast við matskvarða, litakóðun og endurgjöf og endurskil á verkefnum. Í þema var notast við matskvarða. Listgreinakennarar voru með sýnileg markmið og munnleg fyrirmæli.

Í sundkennslu var sýnilegt á töflu til hvers var ætlast af nemendum í hverju sundstigi og nemendur fengu sýnikennslu í hverjum tíma. Nemendur fengu einnig munnlegt einstaklingsmat í hverjum tíma hvað það er sem þau þyrftu að bæta sig í. Einnig var hafin vinna við að setja upp sjónrænar leiðbeiningar fyrir hverja sundaðferð fyrir sig.

- Hver var helsti kosturinn fyrir skólann að taka þátt í verkefninu?

Kennarar upplifa það að nemendur hafi meiri metnað fyrir því sem þeir eru að gera og að þeir taki ábyrgð. Nemendur temja sér einnig betri vinnubrögð. Það að nota leiðbeinandi kennsluhættir gefur kennurum betri mynd af því hvar hver og einn nemandi stendur í náminu. Leiðbeinandi kennsluhættir fela í sér mikinn undirbúning en ávinningurinn er mikill og þetta einfaldar úrvinnslu og kennslan verður markvissari.

- Hvað hefði mátt fara betur fara í verkefninu?

Það sem vekur upp spurningar er að 15% af þeim sem svara könnuninni segjast ekki vita hvað leiðbeinandi kennsluhættir eru. Þá er greinilega pláss fyrir aukna fræðslu eða það þarf að ýta á kennara að kynna sér þetta betur.

- Hvaða lærdóm getur skólasamfélagið dregið af verkefninu? Efninu?

Framkvæmdinni?

Það að láta nemendur vita til hvers er ætlast er af þeim þá skilar það markvissari vinnubrögðum.

Nemendur læra að axla ábyrgð á sínu námi.

- Hvað lærðir þú af verkefninu?

Verkefnið var mjög gagnlegt og mun halda áfram að gefa af sér. Helst er að nefna vaxandi hugarfar og það að gera nemendum strax ljóst til hvers er ætlast. Gaman að sjá hvernig nemendur hafa eflst í námi og skoða til dæmis námsmatið með gagnrýnum augum.

- Hvað stendur uppúr hjá þér varðandi verkefnið?

Það sem stendur upp úr er heimsóknin til London. Það var mjög gagnlegt að fara út sjá, skoða og fá að tala við kennara sem eru reyndir í leiðbeinandi kennsluháttum.

- Nefndu dæmi um góð eða skemmtileg verkefni og eða reynslu sem hlotist hefur af verkefninu í þínum skóla.

Matskvarði hefur verið notaður í þema á miðstigi. Þá sjá nemendur fyrir fram til hvers er ætlast og hvað þeir þurfa að gera til þess að ná hæfninni. Það hefur reynst mjög vel og gerir nemendur sjálfstæðari og þeir sýna meiri áhuga.

Vaxandi hugarfar var mikið tekið fyrir í lífsleikni á miðstigi og fléttað inn í enskukennslu í fimmta bekk. Nemendur unnu með texta við lag Bruno Mars- Dont give up og tóku upp lagið ásamt því að búa til tónlistarmyndband.

- Hvernig sérðu fyrir þér að verkefninu verði haldið áfram í þínum skóla?

Það er líklegt að þeir sem hafa tileinkað sér þetta haldi áfram að þróa þetta í sinni kennslu. Skólinn þyrfti að fræða nýja kennara og minna á þetta á haustin. Í haust verða sett upp veggspjöld sem stýrihópurinn lét gera og munum við innleiða þau inn í kennarahópinn. Kennarar munu svo innleiða veggspjöldin í sínum árgangi og vinna vonandi með þau næsta vetur.

Geirprúður Guðmundsdóttir og Sigurlín Sumarliðadóttir


**Niðurstöður spurningakönnunar
sem lögð var fyrir kennara í lok
skólaárs 2018-2019 um leiðbeinandi
kennsluhætti.**

Könnunin var lögð fyrir rafrænt.

Álftanesskóli


1. Notaðir þú markvisst leiðbeinandi kennsluhætti þetta skólaárið?

21 svar




2. Ég upplýsi nemendur reglulega um markmið námsins.

21 svar




3. Ég geri nemendum grein fyrir þeim viðmiðum sem verk þeirra verða metin eftir.

21 svar




4. Ég nota matsniðurstöður sem leiðsögn og til að endurskoða kennsluna.

21 svar




5. Telur þú þig hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um leiðbeinandi kennsluhætti?

21 svar




6. Ég hef kynnt og rætt við nemendur um vaxandi hugarfar.

21 svar




7. Ef þú hugsar aftur til haustsins 2017 - hversu markvisst notaðir þú leiðbeinandi kennsluhætti á skalanum 1 - 10?

21 svar



8. Hversu markvisst notar þú leiðbeinandi kennsluhætti nú, í lok vorannar 2019, á skalanum 1 - 10?

21 svar



10. Hver er þín upplifun af leiðbeinandi kennsluháttum? Hvernig hefur það gagnast í þinni kennslu?

21 svar

<p>gott að hafa kunnáttu til þess að betrubæta kennslu</p>
<p>Hefur gagnast vel, með það sem ég hef tileinkað mér, finnst einnig nemendur þurfa að aðlagast breyttum aðferðum.</p>
<p>Mér finnst það mjög góð leið til að kenna nemendum markvisst hæfni til náms. Kennsluhættimír ýta undir að kennarinn hægi reglulega á kennslu og gefi endurgjöf og tækifæri til að leiðrétta og gera betur.</p>
<p>Ágætlega</p>
<p>Höfum ávallt notað slíka kennsluhætti og það er ekkert að breytast.</p>
<p>Mjög vel, skapar góðan ramma utan um kennsluna og góða yfirsýn yfir stöðu nemenda.</p>
<p>Aðferðin gagnast vel.</p>
<p>Mjög vel sem hef gert</p>
<p>Gagnast vel þegar ég er einbeitt og skýr við notkun þess</p>
<p>Mjög góð, nem. vinna betur og leggja sig betur fram við námið.</p>
<p>Góð. Nemendur átta sig betur á því til hvers er ætlast</p>

9. Hvað þyrfti að gerast til að þú hækkaðir á skalanum í 8. spurningu?

21 svar

<p>Fræðsla og æfing</p>
<p>Fá meiri reynslu í kennslu og tileinka mér aðferðir leiðbeinandi kennsluhátta enn betur</p>
<p>Get ekki hækkað en ætla að halda áfram að vinna með leiðbeinandi kennsluhætti</p>
<p>Ekki viss</p>
<p>Erum á góðum stað með þetta.</p>
<p>Halda áfram að innleiða allt sem ég kann</p>
<p>Það er alltaf hægt að gera enn betur.</p>
<p>Gera meira af því að nota leiðbeinandi kennsluhætti</p>
<p>Ég þarf að taka mig taki og gefa mér og nemendum meiri tíma.</p>
<p>Meðvitund noktun á leiðsagnarmati en alltaf hægt að gera betur</p>
<p>Endurskipulagning á því sem gekk ekki vel og þróun á því sem gekk vel</p>
<p>Meiri fræðsla og markvissari vinnubrögð af minni hálfu.</p>

Aukin fræðsla og markvissari vinnubrögð af minni hálfu.

Betri kynningu og lestrarefni

Áframhaldandi þjálfun og reynsla.

Áframhaldandi þróun...

Fleiri námskeið og verkefni til að minna mann á.

Meiri æfing

Tala aðeins meira um vaxandi hugarfar.

Meiri þjálfun kannski inni í bekk með einhverjum til að leiðbeina eða fara inn í bekk gjá öðrum

halda áfram að efla mig

Aðferðin gagnast vel.

Mjög vel sem hef gert

Gagnast vel þegar ég er einbeitt og skýr við notkun þess

Mjög góð, nem. vinna betur og leggja sig betur fram við námið.

Góð. Nemendur átta sig betur á því til hvers er ætlast

Góð upplifun. Nemendur vita til hvers er ætlast og það skilar sér í betri vinnubrögðum.

Jákvæð upplifun. Nemendur vita til hvers er ætlast og það skilar sér í betri vinnubrögðum.

Hef litla reynslu í þeim efnum

Mjög gagnlegir, gott að taka faglegar ákvarðanir út frá niðurstöðum á hverjum tíma.

Mjög góð, áhugavert og gerir nemendur meðvitaðri í náminu.

Mín upplifun er góð og hefur gagnast mér vel.

Þökkalega,

11. Hvernig sérðu fyrir þér framhaldið hjá þér varðandi leiðbeinandi kennsluhætti?

21 svar

Áframhaldandi æfingar
Hef mikinn áhuga á að tileinka mér þessa kennsluhætti og hlakka til að takast á við þetta fyrirkomulag enn frekar
Halda minni braut áfram og lesa mér meira til um kennsluhættina og halda áfram að nota þá í kennslu.
Halda áfram að byggja upp
Halda áfram á sömu braut.
Halda áfram á sömu vegferð.
Enn meiri víxlverkun og samskipti um námið milli nemenda og kennara, og milli nemenda.
NOTA það meira
að ég slaki á og seti meiri fókus á verkefnið. Það er ekki allt unnið með sem mestri yfirferð!
Áframhaldandi vinna sem hægt er að bæta með fleiri leiðum.
Vinna áfram með þá
Afla mér meiri þekkingar á viðgfangsefninu og nota markvisst á hverjum degi.

Afla sér aukinnar þekkingar á þessu sviði og nýta markvisst í starfi.

Langar til að læra betur inná þetta

Bæta við upplýsingum til nemenda t.d. á veggjum.

Festa þessa hætti enn betur í sessi.

Ég mun halda áfram að nýta mér þessa snilld í kennslunni.

Er kominn af stað og mun halda áfram að þróast

Gott.

Þjarta

vaxandi

12. Annað sem þú vilt koma á framfæri:

21 svar

.
Mililvægt er að allir kennarar séu samstiga
Mundi gjarnan vilja sitja námskeið og leggja áherslu á leiðbeinandi kennsluhætti næst komandi skólaár
Nei
Nei takk
Áfram Ísland.
Ekkert
nei
Frábær fagleg vinna með faglegu fólki í Álftanesskóla
Mjög ánægð með leiðbeinandi kennsluhætti en gott væri að fá áfram hugmyndir og hvatningu frá skóla. Alltaf hægt að læra nýtt á námskeiðum.
:)
Þetta er frábært hjálpartæki fyrir mig sem kennara. Alltaf gott að leita til þeirra sem sjá um fræðsluna ef eitthvað er óljóst.
Fræðslan hefur verið uppbyggileg og viðkomandi kennsluhættir frábært hjálpartæki í starfi mínu sem kennari.
Er ekki með umsjónarþekk, svo margt á kannski ekki beint við
-
Það er gott að nýta sér leiðbeinandi kennsluhætti í kennslunni - markmið verða skýrari bæði fyrir mig sem kennara og einnig fyrir börnin. Það styrkir mig sem kennara að vinna eftir þessari hugmyndafræði.
Nei.
Nei
nei

Niðurstöðurnar rafrænt:

2018-2019:

https://docs.google.com/forms/d/1ckRuebsL8m7QZkjOQgVPCH_ILFhFTQ1c5ifgo5gaJ9g/viewanalytics?fbclid=IwAR08f7I41FRAMviMozi6NRnWnIPAOL09EYBUnyD_J3yEQ_unzSMFaTVJ2XE


2017-2018:

https://docs.google.com/forms/d/1AHwqAJxYyodcG7zn6e_rrlu7v6vMBbMFv1wAWNiMML4/viewanalytics

Flataskóli


1. Notaðir þú markvisst leiðbeinandi kennsluhætti þetta skólaárið?

15 svör




2. Ég upplýsi nemendur reglulega um markmið námsins.

15 svör




3. Ég geri nemendum grein fyrir þeim viðmiðum sem verk þeirra verða metin eftir.

15 svör




4. Ég nota matsniðurstöður sem leiðsögn og til að endurskoða kennsluna.

15 svör




5. Telur þú þig hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um leiðbeinandi kennsluhætti?

15 svör




6. Ég hef kynnt og rætt við nemendur um vaxandi hugarfar.

15 svör




7. Ef þú hugsar aftur til haustsins 2017 - hversu markvisst notaðir þú leiðbeinandi kennsluhætti á skalanum 1 - 10?

15 svör



8. Hversu markvisst notar þú leiðbeinandi kennsluhætti nú, í lok vorannar 2019, á skalanum 1 - 10?

15 svör



9. Hvað þyrfti að gerast til að þú hækkaðir á skalanum í 8. spurningu?

15 svör

Að ég myndi kynna mér fleiri leiðir.

Þetta kemur með æfingunni, er alltaf að aukast

Halda áfram

þarf að rýna betur í markmið, viðmið, námsefni nog áætlun.

Vera meira vakandi og kynna þetta betur fyrir nemendum. Flétta þetta enn betur inn í starfið.

Vera meira vakandi þannig að ég smám saman komi þessum kennsluháttum betur og betur inn í starfið

finnst þetta tímafrekt en gengur vel

ég er 10

Nýta þetta markvisst

Áhugaverður fyrirlestur

Ég þarf bara að halda áfram að kynna mér þetta og taka mig á í að breyta gömlum síðum. Þetta liggur hjá mér.

Meiri fræðsla

Fá meiri tíma til undirbúnings

Meiri samræming innan skólans

Verða enn meðvitaðri um notkun leiðbeinandi kennsluhátta svo og að prófa mig í öðrum leiðum innan þessara kennsluhátta.

10. Hver er þín upplifun af leiðbeinandi kennsluháttum? Hvernig hefur það gagnast í þinni kennslu?

15 svör

Mjög vel

Líst vel á þarf að vera dugleg og halda mér við efnið.

Góð upplifun og ég tel þetta gefa mér skýra sýn á stöðu nemenda

Frábært, heldur manni við efnið og gefur manni færi á að gera betur ef hlutirnir eru ekki að virka.

Nemendur vita betur markmið með kennslunni og hvernig henni er háttað.

Jákvætt og gerir gott

Mín upplifun er góð og hún skilar sér til nemenda

Mjög ánægð með það en held við verður að kynna þetta betur fyrir foreldrum

Auðveldar námið og kennslu og gerir nemendur sjálfstæðari og ábyrgari

Upplifun góð

Gagnast mjög vel - og auðveldar manni mikla vinnu t.d. námsveggir

Gagnast mjög vel - og auðveldar manni mikla vinnu t.d. námsveggir

Jákvæð. Ég er sannfærð um að þetta sé rétta leiðin. Nemendur eru öruggari með sig og metnaðarfullri.

Gagnast nem þeir læra af mistökum

Mér finnst þeir gott verkfæri í kennslu og ég vil frekar notast við þá en lokamat eða slíkt.

11. Hvernig sérðu fyrir þér framhaldið hjá þér varðandi leiðbeinandi kennsluhætti?

15 svör

Væri gott að fá áframhaldandi fræðslu.

Halda áfram á söm braut og bæta við

Halda áfram á sömu braut

Held áfram eins og ég hef gert og geri mitt allra besta til að efla þessa þætti í kennslunni og kynna enn frekar fyrir nemendum og hafa markmiðin sýnileg.

hafa markmiðin sýnilegri fyrir nemendur. Bæta fleiri þáttum inn eins og námsfélögum og vaxandi hugarfari.

Hafa markmiðin alltaf sýnileg þannig að nemendur viti til hvers er ætlast af þeim og smám saman bæta fleiri þáttum inn eins og námsfélögum og vinnu með vaxandi hugarfar o.fl.

bara áframhaldandi vinna

sama aframhald

Fræðast meira

Faglefgrí kennsla með skýrum markmiðum og námsmati

Ég mun halda áfram að þróa mína starfshætti. Næst eru það lærdómsfélagar.

Með sama sniði

Halda áfram bæta við mig

Nota það áfram og enn markvissara

Halda áfram því sem ég er að gera og taka svo alltaf fleiri og fleiri skref í þeim.

12. Annað sem þú vilt koma á framfæri:

15 svör

Nei
nei
Ég er mjög ánægð með að hafa fengið leiðbeiningar og aðstoð við að koma mér í leiðbeinandi kennsluhætti.
Leiðbeinandi kennsluhættir eru afar gott tæki í kennslu og námsmati. Gerir kennsluna enn markvissari og betra og skýrara námsmat, bæði fyrir nemanda, aðstandendur og kennara.
áhugaverðar kynningar sem við höfum fengið síðastliðna vetur.
Flott framtak sem allir ættu að nýta sér.
.
frábært framtak
Nauðsynlegt að allir kennarar skólans gangi í takt
Ég er ánægð með þau skref sem við höfum tekið í vetur og þær upplýsingar sem við höfum fengið í vetur og hlakka til að halda enn frekar áfram með þetta.

Niðurstöðurnar rafrænt:

2018-2019:

<https://docs.google.com/forms/d/131YqAEZmgfh4daeFKQ81zRPUBf10oTZTxzauKXy2S6Q/viewanalytics?fbclid=IwAR2Hw5F7-MmDqIZ92yCSn1bBO1OhrJ5R1Y8gFWIEFW5ILOnvw2CXsW8Z9Pk>


2017-2018:

https://docs.google.com/forms/d/1GTmkdCNXKPvsf55by_43fk3s7WoGjxFPSA8HCwuaPq0/viewanalytics

Garðaskóli


1. Notaðir þú markvisst leiðbeinandi kennsluhætti þetta skólaárið?

28 svör




2. Ég upplýsi nemendur reglulega um markmið námsins.

28 svör




3. Ég geri nemendum grein fyrir þeim viðmiðum sem verk þeirra verða metin eftir.

28 svör




4. Ég nota matsniðurstöður sem leiðsögn og til að endurskoða kennsluna.

28 svör




5. Telur þú þig hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um leiðbeinandi kennsluhætti?

28 svör




6. Ég hef kynnt og rætt við nemendur um vaxandi hugarfarar.

28 svör




7. Ef þú hugsar aftur til haustsins 2017 - hversu markvisst notaðir þú leiðbeinandi kennsluhætti á skalanum 1 - 10?

28 svör



8. Hversu markvisst notar þú leiðbeinandi kennsluhætti nú, í lok vorannar 2019, á skalanum 1 - 10?

28 svör



9. Hvað þyrfti að gerast til að þú hækkaðir á skalanum í 8. spurningu?

28 svör

Prófa nýja hluti
t.d. gætu fleiri ferliverkefni komið inn
Hmmm . . . e.t.v. markvissari vinna innan skólans
Fá tíma - með nýju veggspjöldunum finnst mér ég verða betur undirbúinn að taka umræðuna strax og vera sífellt að minna á t.d. vaxandi hugarfar.
Meiri umræðu meðal kennara og skýr stýring á vinnubrögðum innan fagdeildar.
oft spurning um að gefa sér tíma til að nota leiðbeinandi kennsluhætti í kennslustundum
Meiri tími til að undirbúa
Markvissari innleiðing í leiðbeinandi kennsluháttum í minni faggrein.
fá upprifjn og betri leiðbeiningar um hvernig ég get nýtt mér leiðbeinandi kennsluhætti
Aukið ráðrúm fyrir leiðsögn frá þeim sem hafa aflað sér þekkingar.
Aðalnámskrá þyrfti að breytast svo tími fyrir endurgjöf væri möguleiki

Skipuleggja mig betur fyrir skólaárið

Endurskoðun á námskrá

Gera enn betur og jafnvel skýra þetta betur í byrjun

Ég held að sú tala muni bara hækka eftir því sem líður á, er að vinna í því að innleiða þetta meira og meira í mína kennslu. Þarf ekki að gera neitt sérstakt, bara halda áfram. Markmiðið er að skipuleggja kennsluna öðruvísi þannig það sé meira svigrúm fyrir leiðbeinandi kennsluhætti.

prófa eitthvað nýtt

Fámennari bekkir væru ídeal, en það er líklega ekki að fara að gjerast. Einhvers konar gulrót myndi gagnast

Þetta kemur hægt og rólega, er að temja mér þessa hugsun og vinnulag.

Ef maður er kominn á toppinn er ekki lengur svigrúm til þess að taka framförum. Sá sem heldur að hann sé efst á skalanum hlýtur að hafa misskilið eitthvað.

meiri samvinna í deildum.

meiri samvinna í deildum.

Gera þetta á markvissari hátt

fá betri kynningu á leiðbeinandi kennsluháttum

ég þarf að einbeita mér frekar að leiðbeinandi kennsluháttum

þjálfar sig í notkun. Ákveðni í að innleiða leiðbeinandi kennsluhætti og nota veggspjöld til stuðnings.

Meiri umræðu innan deildar/skólans

Duglegri í öllum verkefnum, ekki völdum.

Betri æfing og meiri reynsla

Ég held maður nái aldrei fullkomnun enda er hreinræktun aldrei af hinu góða

10. Hver er þín upplifun af leiðbeinandi kennsluháttum? Hvernig hefur það gagnast í þinni kennslu?

28 svör

Vel

Mjög góð og hefur gagnast vel

hefur gagnast vel, nemendur meðvitaðri

Mjög vel - set athugasemdir með einkunn á inni þar sem nemendur geta séð sundurliðun á einkunn sinni ásamt atriðum sem þeir geta gert betur. Leiðbeinandi kennsluhættir hafa skapað umhverfi fyrir nemendur til að ræða nám sitt og vera meðvitaðRI um það.

Kennslan verður markvissari þegar nem. vita til hvers er ætlast af þeim og hvernig þeir eru metnir.

Mér finnst nemendur vera meðvitaðri núna um til hvers er ætlast af þeim og hvernig þeir geta nýtt sér leiðbeinandi kennsluhætti í næstu verkefnum

Mér finnst þessi leið vera hvetjandi fyrir nám og með nýtingu þeirra tel ég mig endurskoða mína kennsluhætti betur - hvort þeir skili sér í raunverulegu námi nemenda.

þegar ég nota þá hefur það gagnast mér mjög vel

Æskileg aðferð til að auka sjálfsþekkingu og sjálfstraust nemenda.

Mjög vel, kennari og nemendur meðvitaðri um markmið kennslunnar

Fjölbreytni

Alveg nauðsynlegt í okkar vinnu

Mér finnst það hafa reynst vel. Hef ekki alltaf fundist ég hafa tíma til að sinna því almennilega, það er að segja að vera nægilega leiðbeinandi, en alltaf gagnlegt og gott þegar mér tekst það.

góð

Hún er góð, og hefur haft góð áhrif sýnist mér. Vildi að ég gerði meira af því og það er markmiðið. Svo er líka hliðin sem snýr að nemendum, þ.e. ekki allir taka við "keflinu" til að nýta sér þetta sem best. Og í sumum hópum er það minnihlutinn sem augljóslega nýtir sér kostina við þetta.

Gagnast vel.

Mér þykir kennsla í anda leiðbeinandi kennsluhátta skemmtileg og í raun vera eina færa leiðin í kennslu. Ég vil þó taka fram að kennsla á ávallt að vera fyrst og fremst á forsendum nemandans. Mér hefur gagnast þetta mjög vel - það er þó alltaf rúm fyrir framfarir.

mjög vel

Skemmir alla vega ekki.

hef litið sem ekkert notað það

svona þokkalega

Nemendur átta sig betur á stöðu sinni og til hvers er ætlast. Eins er hægt að benda á hvað má betur fara í samtölum við nemendur.

Gagnlegt verkfæri sem gerir kennsluna markvissari

Mjög gott.

Markvissari kennsla

Bara vel enda nýtt þetta síðan ég byrjaði að miklu leiti.

11. Hvernig sérðu fyrir þér framhaldið hjá þér varðandi leiðbeinandi kennsluhætti?

28 svör

Halda áfram að nota leiðbeinandi kennsluhætti

verða notaðir oft

Svipað og núna

Bara upp og áfram - komið til að vera

Halda áfram með leiðbeinandi kennsluhætti og reyna að efla umræðu á þessu sviði innan kennarahópsins.

að þeir verði smátt og smátt eðlilegur hluti af hverri kennslustund

Áframhaldandi notkun og bætingu

Að innleiða þessa leið betur inn í mitt fag.

Fá upprifjun í haust og temja mér svo að nota þá í öllum námsgreinum

þarf að lesa mér almennilega til.

Svipað og hefur verið. Bæta inn "Í dag ætlum við að." reit á töflu OG fylla inn í hann í byrjun kennslustundar.

Koma því betur fyrir í kennsluáætlun og námsmati

Veit ekki

Mun halda áfram að laga, breyta og fá góðar hugmyndir frá öðrum

Bara halda áfram að gera kennsluhætti mína meira í þeim anda. Kynna mér þetta betur og sjá hvar ég get bætt mig í þeim efnum.

halda áfram á sömu braut

Að þeir verði aukinn hluti af kennslu minni. En eggert breytist á eygni nóttu.

Ég ætla að halda áfram að bæta mig. Nota hugtök markvisst með nemendum og hafa viðmið sýnilegri fyrir þá í allri vinnu.

Í ljósi þess að ég álit að ávallt skuli hafa forsendur nemandans í fyrirrúmi, þá þurfi ég að halda áfram að skerpa á meðvitund minni um það hvernig best sé að mæta hverjum nemanda. Sérhver nýr nemandi er nýtt verkefni sem krefst þess að kennarinn líti inn á við.

nota það áfram

gæti virkað vel

fer eftir hvað ég nýti mér leiðbeinandi kennsluhætti

Umræður um hvernig þetta er notað í fagdeildum. Deila hugmyndum.

Vinna áfram með leiðbeinandi kennsluhætti

Halda áfram að vinna eftir góðum leiðbeiningum ykkar

Vaxandi

Bara allt í góðu

12. Annað sem þú vilt koma á framfæri:

28 svör

nei

Nei

Góðar kynningar og geggjúð veggspjöld. Væri til í að sjá áfram svona lítil atriði af og til þar sem kennarar fá hugmyndir til að viðhalda þessu. Til dæmis væri hægt að taka fundartíma þar sem 4-5 kennarar sitja saman og deila sinni upplifun/aðferðum varðandi leiðbeinandi kennsluhætti. Við erum mörg að gera flotta hluti og mörg að finna upp hljóðið svo við sem heild getum bara orðið sterkari :)

Gott væri að fá hvatningu inn í kennarahópinn t.d. með stuttu námskeiði fyrir alla. Þannig að allir gangi í takt innan skólans með formerkjunum: "Svona vinnum við".

Gott væri að fá enn skýrari skipun að ofan til að hvetja kennara enn frekar til að taka innleiðingu leiðbeinandi kennsluhátta alvarlega :)

Hvar er lesefni að finna?

Nei ekki nema að mér finnst bjánalegt að hafa þetta skilyrðisspurningu.

Komið

Nei ekkert sérstakt, bara flott framtak.

Fullkomin kennsla er óraunhæf. Kennarinn þarf að hlusta á nemendur og mæta þeim þar sem þeir eru. Kennarinn þarf einnig að líta í eigin barm og spyrja sig stöðugt að því hvort hann sé meðvitaður um það hvernig best sé að mæta hverjum og einum.

nei

Gott það sem gert hefur verið.

Þörf á meiri umræðu um efnið

.

Nei takk fullkomið

Neibb

Niðurstöðurnar rafrænt:

2018-2019:

https://docs.google.com/forms/d/1NjqdMn2RN97dZ3GR9eD6ghR4XKryFchS5yuDYgIEySI/viewanalytics?fbclid=IwAR3QTWP8YXp49pz6iLsSvbO2ZpJVl8dSTv3W6T6Wk sbXdcl_Ci9OxUdrcls


2017-2018:

https://docs.google.com/forms/d/16iOjC4VS1Y_BezbwFntl73aKeLWeRMc8xW34-kb89mU/viewanalytics

Hofsstaðaskóli


1. Notaðir þú markvisst leiðbeinandi kennsluhætti þetta skólaárið?

39 svör




2. Ég upplýsi nemendur reglulega um markmið námsins.

39 svör




3. Ég geri nemendum grein fyrir þeim viðmiðum sem verk þeirra verða metin eftir.

39 svör




4. Ég nota matsniðurstöður sem leiðsögn og til að endurskoða kennsluna.

39 svör




5. Telur þú þig hafa fengið fullnægjandi upplýsingar/fræðslu/leiðsögn um leiðbeinandi kennsluhætti?

39 svör




6. Ég hef kynnt og rætt við nemendur um vaxandi hugarfar.

39 svör




7. Ef þú hugsar aftur til haustsins 2017 - hversu markvisst notaðir þú leiðbeinandi kennsluhætti á skalanum 1 - 10?

39 svör



8. Hversu markvisst notar þú leiðbeinandi kennsluhætti nú, í lok vorannar 2019, á skalanum 1 - 10?

39 svör



9. Hvað þyrfti að gerast til að þú hækkaðir á skalanum í 8. spurningu?

39 svör

Fróðleikur um leiðbeinandi kennsluhætti, tími til að kafa og prófa sig áfram, búa til efni og reyna það í raunadstæðum, fókus og agi við að halda áfram að gera að mínu.

Hafa fleiri verkefni og efni á íslensku til að vinna með.

Maður þarf að taka sig sjálfur á

Leggja meiri metnað og leggja meiri áherslu á þetta í kennslu

Það kemur bara með æfingunni

Ég þyrfti að taka mig á. Kannski meiri fræðsla.

Minna álag. Mörg verkefni.

Meiri fræðsla og vinna markvissara með þetta

frekari æfing

Fara dýpra í efnið

Segja betur frá í upphafi til hvers er ætlast og draga saman í lokin

Markvissari

Fleiri verkefni

Vera meira meðvituð

Reyna að verða meðvitaðri þannig að þetta verði órjúfanlegur þáttur í kennslunni.

Vera markvissari að nota í bæði íslensku og stærðfræði

Ég mun halda áfram að byggja ofan á það sem áunnist hefur.

Aðstæður

Samstarfsaðila sem hefðu áhuga á því að vinna að slíku eða aðstæður þar sem ég get gert ein það sem ég vil án þess að þurfa samræmingu.

Meiri undirbúningur

?

Vinna markmissara að þessu.

Mitt eigið framlag

vera meðvitaður um að nota leiðbeinandi kennsæuhátt

Aukin vitund hjá mér og meira utnumhald

Vera meðvitaðri og minna á álag í kennslunni.

Setja mér skýrari markmið í að nota þetta meira

Ég veit ekki?

Er ekki viss.

Meiri tíma á hvern nemanda.

meiri þjálfun í leiðbeinandi kennsluháttum sem kemur með tímanum

Skipulag, nýting á skipulagsdegi markvisst til dæmis.

Eg þarf að vanda mig enn betur í undirbúningi kennslunnar.

Hvatning og umræður. Sýnir sig hvað þetta hefur mikið að segja.

þarf að gera gögn sýnilegri hjá mér

Vinna markvissara að því að nota leiðbeinandi kennsluhættir.

Er nýbyrjuð og ekki kennst í 6 ár svo veit nánast ekkert um þessa hugmyndafræði. Hins vegar ýminda ég mér hvað þetta merkir og svara út frá því.

Hafa meiri umræðu um kennsluhætti

10. Hver er þín upplifun af leiðbeinandi kennsluháttum? Hvernig hefur það gagnast í þinni kennslu?

38 svör

Nokkuð vel

Mjög góð en stundum erfitt að halda út og gleyma sér ekki því margar mikilvægar áherslur kalla á kennara úr mismunandi áttum.

Mjög góð og nýtist vel til að upplýsa nemendur um námið sitt og hvernig þeir geta bætt sig.

Lítill upplifun

Mjög sniðugt

Oft vel

hjálpur nemendum að vita til hvers er ætlast og mér að fylgjst með árangri.

Fín. Nemendur upplýstari.

Gagnast vel

Mjög gott verkfæri

Upplifunin er góð. Leiðbeinandi kennsluhættir hafa alltaf verið nýttir í kennslu, þar sem það liggur í eðli starfsins.

Mjög gott til að ramma sjálfa mig inn sem kennari og skýrarafyrir nemendur

Set markmiðin upp, þ.e. þau eru sýnileg. Einnig ræði ég við þau um markmiðin og til hvers er ætlast af þeim.

Góð upplifun, allt mjög skýrt hvernig gefið er fyrir verkefni

Það hefur gagnast mér vel

Nemendur verða meðvitaðri um námið sitt

Upplifun er jákvæð og tel hana eiga heima í kennslu hjá mér.

Gagnast mjög vel og hefur góð áhrif á nemendahópinn. Sérstaklega hvað varðar áræðni í náminu.

Það er mjög jákvætt en hef ekki notað það nógu markvisst.

Jákvæð

Mjög vel, nemendur meðvitaðir um hvað er ætlast til af þeim.

Ágætlega en finn samt ekki fyrir miklum merkjanlegum mun á árangri - fremur á viðhorfum

Jákvæð upplifun og hefur gagnast á þann hátt að þörfum nemenda er mætt með betri hætti.

Mjög jákvæð upplifun og í flestum tilfellum skilar þetta sér í bættum árangri nemenda og vonandi betri kennslu.

Gerir nemendur mína meðvitaðari um námið sitt

Það hefur gagnast vel.

Það hefur jákvæð og hvetjandi áhrif á börnin og námið.

Gagnast vel með meiri æfingu.

mjög góð

Mjög góð

Nemendur vita fyrirfram nokkurn veginn til hvers er ætlast af þeim. Undirbúningur verður auðveldari.

Nemendur mínir vita betur til hvers er ætlast.

Er meðvitaðri um kennsluna og hef gert sýnidæmi og leiðbeiningar, þarf þó að bæta við þar

Góð.

ágætlega

Erfitt að meta það

11. Hvernig sérðu fyrir þér framhaldið hjá þér varðandi leiðbeinandi kennsluhætti?

39 svör

Halda áfram, bæta og laga, þróa

Bara halda áfram :)

Hef enga framtíðarsýn fyrir þetta

Reyna að leggja ennþá frekari áherslu á leiðbeinandi kennsluhætti

Halda áfram skref fyrir skref

Mun reyna að nota þá í auknum mæli.

Mun nota eitthvað af þessu, án efa.

Vera markvissari

Mun nýta það markvist áfram

Halda áfram að tileikna mér leiðbeinandi kennsluhætti

Halda áfram og bæta við fleiri þáttum

Að halda áfram á þeirri braut sem ég er á og rifja upp stöðugt.

Halda áfram á sömu nótum

Mjög jákvætt og ætla að reyna að tileinka mér þá betur

Tileinka mér þá enn betur

Verða enn upplýstari og markvissari.

Verður áfram leiðarljós í minnu námsumhverfi.

Verður á svipuðum nótum

Vonandi hef ég tækifæri til að nýta mér það með markvissari hætti síðar.

Eitthvað sem koma skal

Halda áfram og auka

Halda áfram og bæta í.

Reyni bara að bæta mig dag frá degi og halda áfram.

Halda áfram að tileinka sér leiðbeinandi kennsluhátt

Ég vonast eftir að þróast meira og vera meðvitaðari um að beita leiðbeinandi kennsluháttum.

Halda áfram að bæta mig.

Nota það meira og markvissara

Halda áfram með þeim hætti sem ég hef unnið við.

Þetta eru góð verkfæri til að nota sér áfram og með frekari innleiðingu munu leiðbeinandi kennsluhættir líklega reynast okkur vel í starfi.

Svipað.

Halda áfram að hafa markmiðin sýnileg og minna mig stöðugt á. Halda áfram að þróa þetta með nemendahópnum

Sé fyrir mér að ég verði betri í því og noti það alveg markvisst.

Ég mun halda áfram á sömu braut og reyna að bæta mig.

Mun hiklaust halda þessu áfram á næsta ári.

12. Annað sem þú vilt koma á framfæri:

39 svör

Nei

nei

Góð viðbót fyrir kennarann

Nei

.

nei

Er ánægð með aðferðir leiðbeinandi kennsluhátta, en þarf að muna eftir því að nota þá

Ánægð með leiðbeinandi kennsluhætti bæði fyrir nemendum og kennara

Tel að leiðbeinandi kennsluhættir komi börnum mjög vel að gagni, verði öruggari, viti til hvers er ætlast af þeim, hvert markmiðið er hverju sinni.

Gaman að vera með í samstíga hópi þar sem verkin tala og nemendum líður vel.

Ánægð með allt þetta uppbyggilega sem er í gangi.

Ekkert sem kemur upp í hugann núna.

Ég hef verið mjög ánægð með að nýta mér leiðbeinandi kennsluhætti í minni kennslu.

Nei.

nei takk

Mjög þarft verkefni fyrir okkur öll.

Hlakka til að halda áfram á næsta ári.

Flott pæling :)

hlakka til að læra þetta

Niðurstöðurnar rafrænt:

2018-2019:

<https://docs.google.com/forms/d/1sExoyrdKVfhP1QGZgv5Ddx0n5MtkEqrEixkGcUcXMM/viewanalytics?fbclid=IwAR2km35y9BE03mO5Af6HXEk0P2mZBQgPu58XH1Ac-q-grGosA-iaXTq8UT8>


2017-2018:

https://docs.google.com/forms/d/1IP3zP6Lk06v7FTMORynzg_wAqLqw_P0QPosWzSfYmRY/viewanalytics

Sjáländsskóli


1. Notaðir þú markvisst leiðbeinandi kennsluhætti þetta skólaárið?

19 svör




2. Ég upplýsi nemendur reglulega um markmið námsins.

19 svör




3. Ég geri nemendum grein fyrir þeim viðmiðum sem verk þeirra verða metin eftir.

19 svör




4. Ég nota matsniðurstöður sem leiðsögn og til að endurskoða kennsluna.

19 svör




5. Telur þú þig hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um leiðbeinandi kennsluhætti?

19 svör




6. Ég hef kynnt og rætt við nemendur um vaxandi hugarfar.

19 svör




7. Ef þú hugsar aftur til haustsins 2017 - hversu markvisst notaðir þú leiðbeinandi kennsluhætti á skalanum 1 - 10?

19 svör



8. Hversu markvisst notar þú leiðbeinandi kennsluhætti nú, í lok vorannar 2019, á skalanum 1 - 10?

19 svör



9. Hvað þyrfti að gerast til að þú hækkaðir á skalanum í 8. spurningu?

19 svör

bara að halda áfram og fá fræðslu það sem ég veit sem er ekki mikið (held ég) þá speglar það kennsluna mína undanfarin ár en ég væri til í að vita meira.....

Fara í námsferð til útlanda og kynna sér skóla sem hafa notað leiðbeinandi kennsluhætti í mörg ár

Fá enn frekari innsýn á fjölbreyttum aðferðum leiðbeinandi kennsluhátta meðal kennara.

Vera meðvitaðri um aðferðir leiðbeinandi kennsluhátta.

Skalinn þyrfti að stækka

Vera meðvitaðri um að ég sé að nota leiðbeinandi kennsluhætti

Er á góðri leið

þarf að innleiða þetta í fleiri kennslugreinar. Það sem vantar upp á er bara að framkvæma!

Frekari námsskeið í leiðbeinandi kennsluháttum

Beita þessu í meira í þema

þarf að lesa mig til

Ég þyrfti að vita betur hvað leiðbeinandi kennsluhættir fela í sér, er ný í starfi í Garðabæ.

Meiri fræðslu, meiri eftirfylgni

Hafa þetta í forgangi í skipulagningunni

Kynna mér þetta betur

Ég nota þetta mikið

Að vera meðvitaðari um að ég væri að nota leiðbeinandi kennsluhætti

Nota það meir

Meiri fræðslu og hugmyndir hvernig hægt er að nota leiðbeinandi kennsluhætti

10. Hver er þín upplifun af leiðbeinandi kennsluháttum? Hvernig hefur það gagnast í þinni kennslu?

19 svör

vel, betur með eldri en yngri

Upplifunin er mjög góð og það hefur gagnast vel. Nemendur átta sig betur á því hvers er að ætlast til af þeim.

Mjög vel, nemendur eru vel upplýstir um markmið námsins.

Gert hana skýrar fyrir nemendum og gert kennsluna markvissari.

Undirbúningurinn er stundum meiri en kennslan er einfaldari og úrvinnslan mun auðveldari

Upplifun mín er góð af þessu og það sem ég vil nota áfram því það gagnast vel

Góð

Hefur verið mjög gagnleg.

Það hefur gefið mér betri mynd af stöðu hvers og eins nemenda í náminu, og tekið fókusið af lotu, loka eða kaflaprófum. Ég hef meiri yfirsýn yfir hæfni hvers og eins. Fleiri nemendur reyna að vinna vel í tímum til þess að ná árangri, þannig að tíminn nýtist betur.

Frábær upplifun. Ekki spurning að þetta gagnast nemendum og kennurum mjög vel.

snilld

Ég hef ekki mikla reynslu, en vil tileinka mér þá í auknum mæli.

Upplifunin er góð, Leiðbeinandi kennsluhættir hafa gagnast vel í kennslu

Kennslan verður markviss, nemendur upplýstir og niðurstaða náms betri

Gott þegar nemendur vita hvers er ætlast til af þeim. Hjálplegt fyrir alla að þjálfast sig í að nota vaxandi hugarfar.

Mjög vel, frábært kennslutæki fyrir börnin að vita hvað er ætlast af þeim

Ég er í listgreinakennslu og þá er varla annað hægt en að nota leiðbeinandi kennsluhætti

Mjög vel, miklu meira skipulag á námi nemenda og kennara

Ég hef ekki notað það nógu markvisst til að geta svarað þessu.

11. Hvernig sérðu fyrir þér framhaldið hjá þér varðandi leiðbeinandi kennsluhætti?

19 svör

Ég held áfram að kenna eins og ég hef gert og vonandi þróast ég eitthvað enn frekar

Halda áfram að kynna mér þetta betur og nota í kennslu

Þróa áfram ennfrekari notkun á leiðbeinandi kennsluháttum í ýmsum verkefnum nemenda.

Halda áfram á svipaðri braut.

Ég mun halda áfram að æfa mig og þróa mig áfram

Ætla að vera meðvitaðri um í áætlanagerð hvernig ég nálgast efnið með leiðbeinandi kennsluháttum og þá hvernig ég kem því til skila til nemenda með þeim hætti

Halda áfrma

.

Ég mun halda áfram að þróa vinnu mína með leiðbeinandi kennsluhætti. Ég mun kynna mér þá ennþá betur fyrir næsta skólaár og vinna markvisst með þá allt skólaárið.

Hef verið að nota það mjög mikið í stærðfræði en næsta ár ætla ég að koma þessu meira inn í samfélagsfræði og náttúrufræði

lykilatriði en maður þarf að tileinka sér hugsunina og lesa sig til til þess að fá dýpri skilning og tilfinningu fyrir því hvað maður sé að gera

Vil nota þá í auknu mæli.

Ég mun nota það markvissara næsta vetur.

Klárlega eitthvað sem ég á eftir að nota meira og færa yfir í allar greinar

Sé fyrir mér að kynna mér leiðbeinandi kennsluhætti betur og nýta mér það í kennslunni.

Ég mun nota þetta áfram

Ég mun halda áfram að nota leiðbeinandi kennsluhætti

Halda áfram með það

Ef ég fengi meiri fræðslu og hugmyndir þá væri ég til í að nota það markvissara.

12. Annað sem þú vilt koma á framfæri:

19 svör

Nei
nei
Nei
:)
Nei takk.
neip
.
Það tekur tíma að venja nemendur á leiðsagnarmat, í unglingadeild eru margir lengi að taka við sér og vinna illa í tímum og fá því slaka einkunn sökum þessa. Nemendur geta ekki lengur "reddað" sér með því að læra vel fyrir lokapróf. Þetta er jákvæð þróun, en tekur tíma. Það þarf því að byrja snemma í byrjun skólagöngu svo nemendur venjist því að vinna vel jafnt og þétt yfir allt árið.
Mjög góð leið fyrir nemendur og mér finnst þau nýta sér þetta mjög vel. Sérstaklega af því að þetta er ekki metið til einkunna.
Innleiðing og fræðsla þarf að halda áfram, annars dettur þetta upp fyrir, kennarar þurfa góðan reynslutíma til þess að vel takist til
Nei.
Frábært aðferð til að nota í skólastarfi
Mætti vera meiri fræðsla og áminning fyrir kennara að kynna sér vaxandi hugarfar.
Ekki að svo stöddu
nei

Niðurstöðurnar rafrænt:

2018-2019:

https://docs.google.com/forms/d/1F5ICCVh706rDV1lov3_2wr0VLP_MD_m4SnLwpupB3co/viewanalytics?fbclid=IwAR2sh2Z2pUihLz9_MP-IDvPwLaviUAR0iYfSO0BSXd2h3IYrl0YSiLwn_DY

2017-2018: <https://docs.google.com/forms/d/1kWSK97NOfdQ3GvSVZrWT-CmGlhcio1qaXo3o0Tws98/viewanalytics>

Fylgiskjal 5

Ráðstöfun styrksins